



**SKOÐUN** Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, skrifar um einhlíða afnám tolla 11



**LÍFIÐ** Það verður stuð á Húrra í kvöld þegar hitað verður upp fyrir Druslu-gönguna sem verður á laugardaginn. 26



**SPORT** Besti körfuboltamaður þjóðarinnar fær aðeins lengra frá áður en hann byrjar að æfa fyrir EM. 22

**54 FYRIR**  
AF ÖLLUM PIZZUM

**Iceland**

# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur  
22. júl 2015  
170. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

**MARKAÐURINN**



**Selja meiri ís í ár**

Sólarstundir eru næstum tvöfalt fleiri í sumar en á sama tíma í fyrra. Ísframleiðendur segja þetta hafa mikil áhrif á sölu þeirra. Helmingur framleiðslu Kjöríss seldur á sumrin.

**FRÉTTIR**



**Geta ekki svipt forræði**

Alvarleg brot gegn barni kallar ekki á sjálfkrafa forsjárviptingu foreldris. Barnaverndarnefndir hafa ekki vald til að svipta foreldri forsjá. Reynt er að fá foreldra til að samþykka forsjárviptingu 2

**Pörf á handbók** Gerð handbókar er líklegasta leiðin til að skila sem bestum árangri í að bæta aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum 6

**Ósætti í ríkisstjórn** Jafnaðarmannaflokkurinn í Þýskalandi er óánægður með framgöngu fjármálaráðherra í málefnum Grikklands. Hugmyndir hans séu ósanngjarnar. 8



**2 SÉRBLÖÐ** Markaðurinn | Fólk



**ISLA 4**

Einstök blanda úr 4 olíum

## Ísland jafnfætis Þýskalandi

Ísland mun taka við 50 flóttamönnum á næstu tveimur árum sem er hlutfallslega á við skuldbindingar Þýskalands og Frakklands. Félagsmálaráðherra segir ákvörðunina gerða með fyrirvara um samþykki Alþingis.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við létum vita að við værum tilbúin að taka að lágmarki við 25 manns á ári þannig að þetta eru að lágmarki 50 kvótaflóttamenn á næstu tveimur árum,“ segir Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra.

Ísland mun taka á móti 50 flóttamönnum á næstu tveimur árum til að létta undir flóttamannastraumnum í suðurhluta Evrópu. Í samanburði við önnur ríki sem taka á móti kvótaflóttafólki er Ísland að taka á móti hlutfallslega jafn mörgum og Þýskaland og Frakkland, eða um 0,01 prósent af mannfjölda í viðkomandi ríki. Undirbúningur á móttöku flóttafólksins er þegar hafinn í

félagsmálaráðuneytinu. Innanríkisráðherrar Evrópusambandsins komust að þeirri niðurstöðu á mánudaginn að taka ætti við um 32 þúsund flóttamönnum og mun Ísland taka við hluta þeirra. Ríki Evrópu byrja að taka á móti flóttamönnum í október.

„Við höfum verið að vinna að því í nánú samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og munum halda áfram að gera það. Núna fram undan er það starf Flóttamannaráðs að undirbúa móttökuna,“ segir hún.

Eygló segir ákvörðunina tekna með fyrirvara um samþykki Alþingis en hún er bjartsýn á að fjármögnun náist.



Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra

Það eru að lokum sveitarfélög sem taka á móti flóttafólkinu og sjá til þess að það nái fótfestu hér á landi.

„Við höfum fengið ákveðin skilaboð um að það séu ákveðin sveitarfélög tilbúin að taka þátt. Það þarf

Við höfum fengið ákveðin skilaboð um að það séu ákveðin sveitarfélög sem eru tilbúin að taka þátt

**153.000**

flóttamenn hafa komið til Evrópu það sem af er ári.

**149%** aukning frá 2014.

Þá að koma í ljós hvort það gangi ekki allt saman eftir hjá þeim sveitarfélögum sem hafa lýst því yfir að þau hafi áhuga á að taka á móti kvótaflóttamönnum,“ segir Eygló sem býst við áframhaldandi og góðu samstarfi við Rauða krossinn um málið.



**Í URRÍÐAHLTI** Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir af og frá að hér stefni í ofþenslu. Raunar sé töluvert svigrúm eftir í framkvæmdum áður en hægt er að tala um bólu myndun.

Byggingakrönum á höfuðborgarsvæðinu hefur lítillega fjölgað á milli ára:

## Svigrúm til meiri framkvæmda

**EFNAHAGSMÁL** „Áður en við lendum í einhverri bólu þá vil ég að við setjumst niður og skoðum hvort það er ekki hægt að stýra þessu með einhverjum hætti,“ segir Finnþjórn A. Hermannsson, formaður Byggingar, félags byggingarmanna. Hann hefur áhyggjur af ofþenslu í efnahagsmálum og uppbyggingu hér á landi.

Fréttablaðið fór á stúfana, líkt og undanfarin ár, og taldi byggingakrana á höfuðborgarsvæðinu. Hagfræðingur Seðlabankans ber saman um að fjöldi byggingakrana geti sagt til um vöxt í efnahagslífinu og íbúðafjárfestingu. Jafnan hefur verið talað um kranavísitölu í þessum efnunum.

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins,



GUÐJÓN EMILSSON

mikið saman eftir hrun og fram til ársins 2012.

Bjarni segir jafnframt að skortur á iðnaðarmönnum þýði ekki þenslumyndun. „Þá erum við ekki að taka tillit til þess að starfandi í þessari grein er bara um það bil helmingur af þeim sem voru starfandi hér árið 2007.“

- snæ / sjá síðu 6



Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Það er bara alveg fjarstæðukennt að tala um einhverja bólu myndun. Við erum að tala um bransa sem var að dragast saman á árunum 2009 og 2010 og var enn að dragast saman árið 2012

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins



**VINSÆL** Jessie J er á tónleikaferð um heiminn að kynna sína þriðju breiðskífu og ætlar að hafa viðdöl á Íslandi.

## Mikil stjarna á leiðinni: Jessie J kemur fram á Íslandi

**TÓNLIST** Breska söngdívann Jessie J heldur tónleika í Laugardalshöll þriðjudaginn 15. september, en hún hefur verið ein skærasta poppstjarna heims undanfarin ár. Jessie J er best þekkt fyrir að flytja risasmelli á borð við Price Tag, Bang Bang og Domino. „Mér finnst hún alveg frábær. Það er alveg meiriháttar að ná listamanni til landsins sem er akkúrat núna á toppnum á sínum ferli,“ segir Guðbjartur Finnþjórnsson sem stendur fyrir tónleikunum.

- glp / sjá síðu 26

**SUMAR-MARKAÐUR**

**20-70% AFSLÁTTUR** af öllum vörum

**Ellingsen**

## VEÐUR



Áfram er búist við norðaustanátt, úrkomu norðan- og austantil en bjartviðri um landið vestanvert. Ekki hlýnar að ráði, og má gera ráð fyrir að hámark nái ekki miklu meira en 15 stigum sunnantil en svalara verður norðanlands.

**SJÁ SÍÐU 16**

## Forstjóri Haga gagnrýnir stjórnvöld fyrir að krefjast stöðugleika en hækka á sama tíma verð á mjólk: Segir stjórnvöld standa að verðhækkunum

**NEYTENDUR** Stjórnvöld standa að verðhækkunum á mjólkurvörum sem eru allt að þrefalt hærri en almennt verðlag, segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Reynt sé að leyna neytendur þessum hækkunum.

Finnur gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir að krefjast stöðugleika og lágrar verðbólgu um leið og óréttmætar hækkningar eru ákveðnar.

Opinber verðlagsnefnd búvara ákvað fyrir skömmu að heild-

söluverð á mjólkurvörum og mjólkurafurðum skuli hækka þann 1. ágúst næstkomandi um tæp fjögur prósent, nema smjör sem hækkar um 11,6 prósent.

„Þetta er opinber nefnd á vegum ráðherra sem tekur ákvörðun um þessar hækkningar. Það er tekið ákvörðun um að hækka smjör um 11,6 prósent og það er vitnað til þess að það hafi ekki hækkað frá því í október 2013. Vísitalan frá þeim tíma og fram í síðasta mánuð hefur

hækkað um 3,39 prósent þannig að þessi ákvörðun er rúmlega þreföld vísitöluhækkun,“ sagði Finnur í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Hann segir að stjórnvöld reyni að fela hækkningar fyrir neytendum. „Ráðuneytið er að tilkynna þetta á laugardegi um mitt sumar sem segir í raun allt sem segja þarf. Það er verið að fela hækkun sem er langt umfram það sem eðlilegt er.“



**MJÓLK** Forstjóri Haga segir stjórnvöld hækka verð um leið og kallað er eftir verðstöðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



**KOSNINGAR** Þessi drengur hjólar fram hjá vegatálma sem stjórnarandstæðinga í Búruvík settu upp nálægt kjörstað í höfuðborginni Bújubúra. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti Búruvíki er talinn hafa náð endurkjöri í annað sinn: Umdeildar kosningar í Búruvíki

**BÚRUVÍKI** Að minnsta kosti þrjú létust í Búruvíki í gær þegar forseta-kosningar fóru fram við mikil mótmæli andstæðinga sitjandi forseta, Pierre Nkurunziza. Nkurunziza bauð sig fram til endurkjörs í annað sinn eftir misheppnað valdarán andspyrnuhreyfingar í maí.

Forsetinn er talinn hafa náð endurkjöri þótt lokatölur liggi ekki fyrir. Framboð hans hefur valdið deilum í Búruvíki þar sem stjórnarskrá landsins heimilar forseta einungis að sitja í tvö kjörtímabil. -þea

Ákærðu neituðu bæði sök: Tvö ákærð fyrir frelsissviptingu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur höfðað mál á hendur 44 ára gömlum karlmanni og 28 ára gamalli konu fyrir frelsissviptingu og tilraun til ráns í nóvember 2012.

Meint brot áttu sér stað í húsi í Hvalfjarðarsveit og er fólkið ákært fyrir að hafa í sameiningu svipt konu frelsi sínu og reynt að neyða hana til að greiða þeim allt að 200 þúsund krónur.

Ákærðu neituðu bæði sök við þingfestingu málsins en aðalmeðferð fer fram í september í Héraðsdómi Vesturlands. -ngy

Tekjuhærra fólk ánægðara: Yfir 70 prósent eru ánægð

**STJÓRNMÁL** Meira en sjö af hverjum tíu svarendum sem taka afstöðu í Þjóðarpól Gallup eru ánægðir með áætlun ríkisstjórnarinnar um losun gjalddeyrishafna, eða rúm 71 prósent. Einingis ríflega fjögur prósent eru óánægð með áætlunina en hátt í fjórðungur segist hvorki ánægður né óánægður, eða rúmlega 24 prósent.

Munur er á viðhorfi fólks eftir fjölskyldutekjum. Sá hópur sem er með hæstar fjölskyldutekjur er ánægðastur með áætlunina. -ngy

## Foreldri með forsjá eftir brot gegn barni

Alvarleg brot gegn barni kallar ekki á sjálfkrafa forsjársviptingu foreldris. Barnaverndarnefndir hafa ekki vald til að svipta foreldri forsjá. Framkvæmdastjóri Barnaverndar segir að reynt sé að fá foreldri til að samþykka forsjársviptingu.

**SAMFÉLAGSMÁL** Foreldrar sem hafa brotið alvarlega af sér halda stundum forsjá barna sinna í óþökk barnanna. Á laugardegi fjallaði Fréttablaðið um mál Einars Hildarsonar, en móðir hans slasaði hann lífshættulega í stunguárás. Í viðtalinu gagnrýndi hann það að móðir hans hefði haft forræðið yfir honum í rúm tvö ár eftir atvikið.

„Þetta tekur alltaf ákveðinn tíma en þarna getur verið að sá tími hafi verið lengri en efni stóðu til,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur. Einar lýsir því í viðtalinu að móðir hans, sem vísuð var á réttargeðdeildinni að Sogni, hafi þurft að skrifa undir umsókn hans í framhaldsskóla og hafi haft lögbundinn rétt á upplýsingum um líf hans.

„Ég geri mér grein fyrir því að tvö ár í svona ferli eru langur tími. Atburðurinn er það alvarlegur að það er mjög eðlilegt að fólk spyrji sig af hverju foreldri sé ekki svipt forsjá um leið,“ segir Halldóra. Hún segir að ef samþykki foreldris liggur fyrir um að barn skuli vistað utan heimilis sé síður grip- ið til forsjársviptingar. „Það getur verið að engum hafi fundist það neitt sérstaklega áriðandi vegna þess að það hafi ekki reynt á þolmörk þess hver væri með forsjá og ekki með forsjá. Þrátt fyrir allt er verið að leita að samvinnu fólks um þær ákvarðanir sem þarf að taka í lífi barna.“

Á endanum fengu móðuramma og -afi Einars forsjá yfir honum. „Hins vegar eru margir foreldrar sem hafa framið mjög alvar-



**BARNAVERND** Halldóra segir að barnaverndarnefndir geti tekið ákvarðanir um tímabundna forsjársviptingu sem varir í tvo mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lega glæpi sem halda forsjá barna sinna í ákveðinn tíma, en þetta var líklega óþarflega langt.“

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að tímabundnar forsjársviptingar séu leið til að kanna hvort barn geti farið aftur á heimili sitt.

„Árið 2002 var gerð sú breyting að svokallað frumúrskurðarvald í barnaverndarmálum fluttist til dómstólanna. Eftir það hafa barnaverndarnefndir enga lagaheimild til að úrskurða í svona stórum málum.“

„Barnaverndarnefndir geta tekið ákvarðanir um tímabundna forsjársviptingu sem varir í tvo mánuði. Á þessum tveimur mánuðum á nefndin að leggja mat á



„Ég geri mér grein fyrir því að tvö ár í svona ferli eru langur tími. Atburðurinn

er það alvarlegur að það er mjög eðlilegt að fólk spyrji

Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar.

hvort það sé barninu fyrir bestu að vera skilað aftur til foreldris eða hvort það eigi að svipta foreldrið forsjá,“ segir Bragi.

snaeros@frettabladid.is

## Fjöldaútför fór fram í Gaziantep eftir sjálfsmorðsárás á menningarmiðstöð: Fórnarlambanna í Suruc minnst

**TYRKLAND** Fjöldaútför 25 þeirra 32 ungmenna sem féllu í sjálfsmorðsárás sem talin er á ábyrgð Íslamska ríkisins fór fram í tyrknesku borginni Gaziantep í gær. Árásin var gerð á tyrkneska bæinn Suruc sem stendur nærri landamærunum við Síryland.

Líkkisturnar voru vafðar rauðu klæði og voru þær grafnar ásamt nafni hvers fórnarlambanna á hvítu blaði. Hundruð sóttu athöfnina og heyrðust bæði hróp gegn Íslamska ríkinu og ríkisstjórn forsetans, Recep Tayyip Erdogan. Andstæðingar hans telja aðgerðir forsetans gegn Íslamska ríkinu ekki nógu strangar.

„Við munum gera það sem nauðsynlegt er við þann sem ber ábyrgð á verknaðnum. Þetta var árás gegn Tyrklandi,“ sagði Ahmet Davutoglu, forsætisráðherra Tyrk-



**SORG** Ekkasog heyrðust í bland við óskur mótmælenda við fjöldaútför fórnarlambanna í Suruc. NORDICPHOTOS/AFP

lands, í ávarpi sem hann hélt við menningarmiðstöðina sem ráðist var á. Davutoglu neitaði einnig ásökunum um að Tyrkir hefðu ekki beitt sér af nógu mikilli hörku gegn Íslamska ríkinu.

Ungmennin sem létust stóðu

fyrir umræðufundi um endurbyggingu bæjarins Kobane í Sírylandi sem hefur orðið fyrir barðinu á árásum Íslamska ríkisins. Fundurinn var á vegum sambands ungra jafnaðarmanna í Tyrklandi. -þea

GLÆSILEG  
**MATAR-  
STELL**  
KÍKTU Á  
ÚRVALIÐ

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

LAND ROVER DISCOVERY 4

# FARÐU ALLA LEIÐ



ABOVE & BEYOND

Land Rover Discovery 4 hefur slegið í gegn um allan heim. Hann er ekki einungis einstaklega fallegur jeppi heldur er hann tæknilega fullkominn og hannaður fyrir ferðalagið og fjölskylduna. Farangursrými er eitt það allra mesta sem um getur eða 1192 lítrar auk þess sem hann er fánlegur 7 sæta. Discovery 4 sameinar betur en nokkur annar jeppi fullkomið notagildi og hæfni til að takast á við erfiðar akstursaðstæður. Þannig er dráttargeta 3500 kg og vaðdýpt 70 cm. Discovery 4 er með öfluga 210 hestafla vél, mjög sparneytinn eða frá 8,8 l/100 km í blönduðum akstri og búinn loftþrúðafjöðrun á öllum hjólum ásamt hinu rómaða Terrain Response drifbúnaðarkerfi. Verið velkomin í reynsluakstur. [www.landrover.is](http://www.landrover.is)



ENNEEM / SIA / NMG0799

Land Rover Discovery 4 S kostar frá 11.740.000 kr. með 210 hestafla dísilvél sem togar 520 Nm og eyðir einungis 8,8 l/100 km í blönduðum akstri miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun.

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



# 32 þúsund manna fólksflutningar

Ísland mun taka við 50 flóttamönnum á næstu tveimur árum sem gerir Ísland að hlutfallslegum jafningja Þýskalands og Frakklands í þeim efnum. Félagsmálaráðherra segir Íslendinga hátt skrifaða hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hvað móttöku flóttafólks varðar.

Stefán Rafn Sigurbjörnsson  
stefanrafn@frettabladid.is



Innanríkisráðherrar Evrópusambandsins komust að samkomulagi á fundi sínum í Brussel á mánudaginn að taka við 32 þúsund flóttamönnum og koma þeim fyrir í álfunni.

Fundur ráðherranna þótti þó ekki hafa heppnast nægilega vel. Upphaflega var áætlað að taka á móti 40 þúsund flóttamönnum en ekki náðist full samstaða um móttöku þeirra. Því munu nokkur Evrópuríki leggja sitt af mörkum en önnur sitja hjá. Fyrstu flóttamönnum verður komið fyrir í október í ár.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Dimitris Avramopoulos, framkvæmdastjóri flóttamannamála innan Evrópusambandsins, sagðist vonsvikinn með niðurstöðuna en þó segir hann að ákvörðunin hafi verið stórt skref fram á við. Ákveðið var að þeir átta þúsund flóttamenn sem eftir eru hljóti móttöku í lok árs.

**Þjóðverjar taka á móti flestum** Þýskaland og Frakkland taka á móti flestum flóttamönnum en Þýskaland mun taka við 12.100 manns og Frakkland 9.127.

Danmörk, Bretland og Írland búa við undanþágur frá málefnum af þessum toga innan Evrópusambandsins en kusu þó að taka að einhverju leyti þátt. Bretland tekur á móti 2.200 manns, Danmörk tekur á móti 1.000 manns og Írland 1.120.

Þrátt fyrir miklar skuldbindingar nokkurra ríkja var ekki full samstaða um móttöku flóttafólks. Ungverjaland og Austurríki lögðust meðal annars hart gegn samkomulaginu en hvorugt ríkið mun taka á móti flóttamönnum.

Nokkur ríki utan Evrópusambandsins munu einnig taka við flóttamönnum en það eru Ísland, Sviss, Liechtenstein og Noregur.

Athygli vekur að Noregur ákvað að taka á móti 3.500 flóttamönnum, sem er hlutfallslega langmest miðað við önnur ríki.

## Ísland hlutfallslega öflugt

Þá stendur Ísland sig nokkuð vel í þeim efnum en sá fjöldi sem Ísland mun taka við á næstu tveimur árum er hlutfallslega svipaður og skuldbindingar Þýskalands.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir að Ísland sé hátt


## MÓTTAKA FLÓTTAMANNA Í EVRÓPU\*

Ísland  
50 0,015%

→ Fjöldinn sem Ísland tekur við á næstu tveimur árum er hlutfallslega álíka og skuldbindingar Þýskalands og Frakklands.

■ Fjöldi flóttamanna sem tekið er við.  
■ Fjöldi flóttamanna sem hlutfall af heildarfólksfjölda.

\* Ýmist er um að ræða kvótaflóttamenn og/eða hælisleitendur.



## → Móttaka flóttamanna frá 1996 til 2014

Ár	Móttökusveitarfélag	Heimland	Fjöldi
1996	Ísafjörður	Krajina (Kroatía)	30
1997	Hornafjörður	Krajina (Kroatía)	17
1998	Blönduós	Krajina (Kroatía)	23
1999	Hafnarfjörður, Fjallabyggð, Dalvík	Kósóvó	75
2000	Síglufjörður	Krajina (Kroatía)	24
2001	Reykjanesbær	Krajina (Kroatía)	23
2003	Akureyri	Krajina (Kroatía)	24
2005	Reykjavík	Kósóvó	7
2005	Reykjavík	Kólumbía	24
2007	Reykjavík	Kólumbía	30
2008	Akranes	Palestínnumenn frá Írak	29
2010	Reykjavík	Kólumbía	6
2012	Reykjavík	Afganistan	9
2014	Hafnarfjörður	Afganistan	6
2014	Reykjavík	Sýrland	13
2014	Reykjavík	Simbabve, Kamerún, Úganda	5

skrifað hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.


„Það var ánægjulegt þegar við fengum heimsókn frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna þar sem þau sögðu að hvernig við höfum tekið á móti kvótaflóttamönnum hefur verið til fyrirmyndar,“ segir hún.

Eygló segist ekki vita hvenær hægt verði að taka á móti fólkinu en það muni skýrast í haust. Hóparnir sem þau horfa til eru ein-

stæðar mæður, hinsegin fólk og fólk sem þarfnast aðhlyningar.

„Við þurfum að gera okkar. Þarna er mikill vandi. Þetta er okkar framlag í að taka á þessari neyð en ég held að við vitum það öll að við leysum þetta ekki bara með þessum hætti heldur liggja lausnirnar í friði í viðkomandi löndum auk uppbyggingar. Þar kemur til annars konar þróunaraðstoð sem mun skipta verulega miklu máli.“

## → Flóttamenn í Evrópu



**153.000** flóttamenn hafa komið til Evrópu það sem af er ári.

Samkomulag hefur náðst um **32.000** flóttamenn.

**149%** aukning frá 2014.

Talið er að **1.800** flóttamenn hafi látið lífið á hafi úti það sem af er ári.



## Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma 568 7777 og fáðu heyrnartæki lánað til reynslnu.

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

## Vestmannaeyingar vilja að hluthafar fundi um nýja byggingu Landbankans: Vilja svör frá Landsbankanum

**VIÐSKIPTI** Bæjarráð Vestmannaeyja vill að hluthafar í Landsbankanum fundi vegna áforma bankans um að byggja nýjar höfuðstöðvar við Hörpu. Þar verði óskað eftir frekari rökstuðningi um hvers vegna nýjar höfuðstöðvar skuli rísa í miðbæ Reykjavíkur. „Bæjarráð Vestmannaeyja telur að því fari fjarri að hluthöfum hafi verið sýnt fram á að mesta hagræði skapist fyrir Landsbankann, hluthafa hans og viðskiptavini, með því að reisa nýja glæsibyggingu á verðmætustu lóð landsins,“ segir í ályktun bæjarráðs.

Vestmannaeyjabær varð nýlega hluthafi í Landsbankanum eftir að bankinn tók yfir Sparisjóð Vestmannaeyja.

Bæjarráð Vestmannaeyjabæjar vill að óháð mat fari fram á því



VIÐ HÖRPU Landsbankinn vill reisa nýjar höfuðstöðvar á þessari lóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hvaða staðsetning sé hagkvæmst fyrir Landsbanka Íslands þar sem horft verði til fleiri staða en Reykjavíkur. „Þá hefur nýlega

verið bent á að heppilegar lóðir til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu séu í Hvassahrauni,“ segir í ályktuninni. - ih



Spotify® + Síminn



# SÍMINN REY CUP HEFUR ALDREI HLJÓMAÐ EINS VEL!

Hitaðu upp fyrir leikinn með  
Síminn Rey Cup lagalistaðum  
á Spotify



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver sturtaði seðlum yfir Sepp Blatter, forseta FIFA?
2. Í hvaða landi keypti Creditinfo fyrirtæki?
3. Hvaða söngkona söng fyrir farþega skemmtiferðaskipsins Sea Princess?

SVÖR:

1. Lee Nelson. 2. Marokkó. 3. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir.

Skýrsla um aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum kom út síðastliðinn júní:

## Bæta aðgengismál fatlaðs fólks

**SAMFÉLAG** Meðal niðurstaðna í skýrslu um aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum, sem Norm ráðgjöf vann fyrir Ferðamálastofu, er að gerð handbókar sé líklegasta leiðin að svo stöddu til að skila bestum árangri í því að bæta aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum hér á landi.

Í skýrslunni var sjónum beint að lagalegri umgjörð aðgengismála fatlaðs fólks að ferðamannastöðum en réttur til aðgengis til jafns við ófatlað fólk er eitt af megin-

áhersluatriðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Aðrar tillögur voru einnig settar fram í skýrslunni. Meðal annars að Ferðamálastofa hafi forgöngu um að aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum verði sett á dagskrá og að athygli stjórnvalda á þessum mikilvæga málaflökki verði vakin.

Þá var sú tillaga einnig sett fram að Ferðamálastofa beiti sér fyrir því að fyrirtæki í ferða-



**AÐGENGI** Ferðamálastofa lét Norm ráðgjöf vinna fyrir sig skýrslu um aðgengi fatlaðs fólks á ferðamannastöðum.

þjónustu fái verkfæri í hendur til að bæta aðgengi fatlaðs fólks að þeirri þjónustu sem í boði er. - ngy

## Bústaður brann til grunna: Brenndist í eldi í sumarþústað

**BRUNI** Dagana 13. til 19. júlí var þrisvar tilkynnt um bruna á Suðurlandi. Þann 14. júlí kom upp minniháttar eldur í bifreið skammt vestan við Selfoss.

Þann 18. júlí brann sumarþústaður skammt frá Seljavöllum í Rangárþingi eystra. Tveir menn voru í bústaðnum og brenndist annar þeirra lítilliga. Talið er líklegt að gasleki hafi orsakað brunann.

Þann 19. júlí var tilkynnt um lausan eld í ruslatunnu á Selfossi. Lögregla slökkti eldinn. - ngy

# Fjarstæða að hér sé bólu myndun

Kranavísitalan svokallaða sýnir litla fjölgun byggingakrana á milli ára. Fjöldi byggingakrana á höfuðborgarsvæðinu er helmingur þess sem hann var árið 2007. Enn hefur eftirspurn eftir litlu og meðalstóru húsnæði ekki verið svarað. Fáir iðnaðarmenn eftir til að byggja hér upp.

**EFNAHAGSMÁL** Byggingakrönum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um fimmtán á milli ára. Fjöldi krana hefur hingað til þótt gefa ákveðnar upplýsingar um efnahagsástand lands og hefur oft verið nefndur kranavísitala.

„Það er bara alveg fjarstæðukennt að tala um einhverja bólu myndun. Við erum með bransa sem dróst saman á árunum 2009 og 2010 og var enn að dragast saman árið 2012 um 50, 60 og 70 prósent,“ segir Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.

Hann bendir á að bygginga-bransinn sé margfalt minni en hann var fyrir hrún. „Fjárfestingarstigið allt saman er enn frekar lágt. Og í raun þyrfti það að vera miklu hærra.“

Helstu vankantarnir á framkvæmdum nú séu að það vantar litlar og meðalstórar íbúðir. „Það vantar réttu hvatana til að mæta þeirri eftirspurn sem við vitum að er fyrir hendi. Það er ekki brjáluð eftirspurn eftir dýrum og stórum íbúðum,“ segir Bjarni.

Þeir sem hafa áhyggjur af þenslumyndun benda jafnan á að iðnaðarmenn vanti til að manna þær framkvæmdir sem eru á teikniborðinu. Bjarni segir að skorturinn sé vissulega til staðar. „Þá erum við ekki að taka tillit til þess að starfandi í þessari grein er bara um það bil helmingur af þeim sem voru starfandi hér árið 2007.“

Hann telur að enn sé töluvert svigrúm eftir í framkvæmdum áður en hægt sé að tala um bólu myndun. „Alveg klárlega. Það verður að taka tillit til þess að



**FRAMKVÆMDIR** Mikill fjöldi byggingakrana er í Urriðaholti í Garðabæ. Þar rís nýtt hverfi við Urriðavatn og allt stefnir í að grunnskólar, leikskólar og atvinnuhúsnæði verði í hverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



**BJARNI MÁR GYLFASON**



**GUÐJÓN EMILSSON**

greinin meira en helmingaðist á árunum eftir hrún.

Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Byggiðnar, félags bygg-


ingarmanna, hefur áhyggjur af þenslumyndun hér á landi. „Það er verið að ræða um töluvert mikið af verkefnum sem eru fram undan. Áður en við lendum í einhverri bólu þá vil ég að við setjumst niður og skoðum hvort það er ekki hægt að stýra þessu með einhverjum hætti þannig að við séum ekki að lenda í að vera með allt of mikið undir í einu.“

Hann er þeirrar skoðunar að skortur á iðnaðarmönnum bendi til ofþenslu. Aðspurður hvort félag byggingarmanna hafi ekki ríka

hagsmunir af því að hér sé framkvæmt mikið segir Finnbjörn: „Jú, mikil ósköp, en það verður að vera einhver smá einhver hugsun í því. Við erum búin að upplifa það að það verður algjört þensluástand og svo atvinnuleysi á eftir. Við viljum frekar hafa þetta svolítið jafnara.“

Guðjón Emilsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands, hefur í gegnum árin fylgst með kranavísitölunni. „Það er merkilegt hvað þessar tölur hafa lýst íbúðafjárfestingu vel. Þetta er ekki að ná þessum hæðum eins og 2007. Í

## Byggingakranar á höfuðborgarsvæðinu



\* Par af 24 í notkun

Skv. talningu Fréttablaðsins

mínun huga erum við ekki á sama þensluskeiði og þá.“

Hann segir að vöxtur í íbúðarfjárfestingu hafi verið neikvæður á fyrsta ársfjórðungi. „Eins og staðan er virðist þetta vera í jafnvægi. Vísitölurnar sýna ákveðið jafnvægi.“ snaeros@frettabladid.is

Ráðherra mætti á fund velferðarnefndar og ræddi stöðu heilbrigðiskerfisins:

## Mun berjast gegn niðurskurð

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðherra, landlæknir og forstjóri Landspítalans voru boðaðir á aukafund velferðarnefndar Alþingis til að ræða viðbrögð stjórnvalda vegna uppsagna heilbrigðisstarfsfólks og kjaramála heilbrigðisstétta í gær. Um 260 hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp störfum á Landspítalanum og samtals yfir 310 starfsmenn.

Á fundinum sagðist Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra munu berjast gegn frekari niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni. Kristján Þór sagðist vonast til þess að með skipan gerðardóms myndi nást fram sátt milli deiluaðila en það væri hlutverk gerðardóms samkvæmt lögum að ná fram samtali á milli deiluaðila, þau efni sem ekki næst sátt um fari í úrskurð.

Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði hvort verið væri að íhuga að ráða hjúkrunarfræðinga frá útlöndum. Hún sagði það vera ákveðna veruleikafirringu því almennt væru lægri laun hér á



**ÁHYGGJUR** Á fundinum voru boðaðir forstjóri Landspítalans, heilbrigðisráðherra og landlæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRGIR OLGEIRSSON

landi en annars staðar og auk þess dýrara að lifa.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, sagði nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum á spítalanum. Yrði það gert með því að

fá starfsfólk úr starfsmannaleigum eða starfsfólk frá útlöndum væri það ekki langtímalausn. Nauðsynlegast í stöðunni væri að samningar næðust.

- bo, fbj

## Niðurföll

Renna, verð pr. meter  
**kr. 3.900**  
Einnig fánlegt með Pottjárn-rist

100x100x50mm  
**1.390 kr.**

150x150x50mm  
**1.890 kr.**

RYÐFRÍAR RISTAR  
100x100x50mm  
**1.290 kr.**

**MÚRBÚÐIN**  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi 7, Reykjavík  
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

# Neyslu rafgeymar/ Ferða rafgeymar



115 amp

Tilboð

20%  
afsláttur



Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

## SVONA ERUM VIÐ



**31 prósent fanga sat inni vegna fíkniefnabrot árið 2013.**

Árið 1993 voru 8 prósent fanga í fangelsum vegna fíkniefnabrot.

## Utanríkisráðherrann hafnar öllu tali um samkomulag við stórveldin svipað því sem gert var við Írana: Norður-Kórea vill ekki kjarnorkusamning

**NORÐUR-KÓREA** „Við erum augljóslega kjarnorkuveldi og kjarnorkuveldi gæta eigin hagsmuna,“ segir í yfirlýsingu sem norðurkóreska utanríkisráðuneytið sendi frá sér í gær. Samkvæmt tölum Alþjóðáöruggis- og vísindastofnunarinnar búa Norður-Kóreumenn trúlega yfir um 30 kjarnaoddum.

Ráðamenn í landinu hafa ekki áhuga á samningi svipuðum þeim sem stórveldi heimsins, Bandaríkin, Rússland, Bretland, Kína, Frakkland, Þýskaland og Evrópu-

sambandið, gerðu við Írana í síðustu viku. Í þeim samningi segir að Íranar megi ekki þróa kjarnorkuvopn en á móti verði viðskiptabanni Bandaríkjanna, Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins á landið aflétt.

„Það er örökrétt að bera stöðu okkar saman við stöðu Írana þar sem við erum ávallt fórnarlömb ögrandi hernaðaraðgerða Bandaríkjanna, til að mynda risavaxinna hernaðaræfinga og kjarnorkuógnarinnar,“ segir í yfirlýsingu.

„Við höfum engan áhuga á viðræðum sem hefðu það markmið að afsala okkur kjarnorkusprengjum okkar,“ segir enn fremur.

Líkt og á Írana hafa Bandaríkin, Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið sett strangt viðskiptabann á alla verslun við Norður-Kóreu.

- þea

**KJARNORKUVELDI** Ríkisstjórn Kim Jong-Un hyggst ekki afsala sér kjarnorkuvopnum sínum. NORDICPHOTOS/AFP



## Hægt að skila í verslanir: Innkalla mygl- að naanbrauð

**NEYTENDUR** Kaupás hefur, í samráði við matvælaeftirlit Reykjavíkur, innkallað First Price Naanbrauð vegna myglu.

Um er að ræða pakkingu með tveimur stykkjum af naanbrauð, annars vegar hefðbundið naanbrauð og hins vegar hvítlauksnaanbrauð.

Dreifiaðilar brauðsins eru verslanir Krónunnar, Nótatús og Kjarvals um land allt. Viðskiptavinum sem hafa keypt vöruna í framangreindum verslunum er bent á að skila þeim í viðkomandi verslun.

- fbj

## LEIÐRÉTT

Rangt var farið með föðurnafn Páls Þórhallsóssonar, formanns stjórnarskrárnefndar, og hann sagður Þorsteinsson. Hlutaðeigandi eru beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að þeir Norður-Kóreumenn sem ekki kjósa verði líflátnir. Hið rétta er að þeir verða sendir í vinnubúðir.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að lögfræðingurinn og fyrrverandi atvinnu- maður í knattspyrnu, Guðni Bergsson, fagnaði fimmtudagsafmæli sínu í gær. Það er ekki rétt því Guðni fagnaði að sjálfsgöðu fimmtugsafmæli sínu í gær. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Jafnaðarmenn ósáttir við ummæli fjármálaráðherra

Jafnaðarmannaflokkurinn í Þýskalandi er ósáttur við kristilega demókrata sem starfa með þeim í ríkisstjórn. Formaður og varaformaður segja hugmyndir fjármálaráðherra um brotthvarf Grikkja vera ósanngjarnar.

**ÞÝSKALAND** „Herra Schäuble hefur ögrað Jafnaðarmannaflokknum,“ sagði Sigmar Gabriel, leiðtogi Jafnaðarmannaflokks Þýskalands og varakanslari, við þýsku sjónvarpsstöðina ZDF í gær.

Það hrikir í stöðum þýsku ríkisstjórnarinnar eftir ummæli fjármálaráðherra Wolfgang Schäuble frá því í síðustu viku. Schäuble talaði þá um að mögulega gæti reynst betra að víkja Grikkjum tímabundið úr evrusvæðinu.

Ummæli fjármálaráðherra fóru öfugt ofan í þingmenn Jafnaðarmannaflokksins, samstarfsflokks Kristilega demókrataflokksins, flokks Angelu Merkel.

Gabriel sagði hugmynd Schäuble ósanngjarna og að átök hans við Merkel væru ólíðandi.

Varaformaður jafnaðarmannaflokksins, Ralf Stegner, gagnrýndi Schäuble harðlega og gaf í skyn við fjölmiðla að fjármálaráðherra ætti að segja af sér.

„Hegðun Schäuble sýnir að hægriflokkarnir í Evrópu hafa týnt áttum þegar að Evrópumálum kemur,“ sagði Stegner enn fremur.



**Herra Schäuble hefur ögrað Jafnaðarmannaflokknum.**

*Sigmar Gabriel, varakanslari Þýskalands.*

Stjórnmalaskýrendur í Þýskalandi hafa velt vöngum yfir því hvort Schäuble muni segja af sér embætti en hann hefur þó sjálfur hafnað því. Í viðtali við Der Spiegel sagði Schäuble að hann hefði ólíkar hugmyndir en Merkel í mörgum málum, en að margbreytilegar skoðanir væru hluti af lýðræðinu.

Schäuble hafnaði einnig hugmyndinni um þýsk yfirráð í Evrópu. „Þýskaland ræður ekki yfir Evrópusambandinu. Hagkerfi Þýskalands er sterkt, því neitum við ekki, en öfugt við Frakkland og Bretland er Þýskaland ekki með fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Því er ekki hægt að segja að Þýskaland sé í yfirburðastöðu,“ sagði Schäuble.



**TITRINGUR** Ummæli Wolfgang Schäuble um brotthvarf Grikkja úr evrusvæðinu valda jafnaðarmönnum áhyggjum. NORDICPHOTOS/AFP

Fjármálaráðherra skaut einnig föstum skotum á Gabriel. „Allir flokkar hafa sín vandamál,“ sagði Schäuble. „En í samsteypustjórn þarf að sýna hinum flokknum tillitsemi. Þú reynir ekki að leysa þín eigin vandamál með ónákvæmum ásökunum í garð annarra.“

Þýski þingmaðurinn Hans Michelbach úr flokki Kristilegra

demókrata í Bæjaralandi, sem styður ríkisstjórn Angelu Merkel, studdi við bakið á Schäuble í gær. „Við þörfumst Schäuble nú meira en nokkurn tímann áður,“ sagði hann. „Schäuble leyfir röddum þeirra sem efast um Evrópusambandið að heyrast.“

[stefanrafn@frettabladid.is](mailto:stefanrafn@frettabladid.is)  
[thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

## FULLKOMINN FYRIR SÆLKERA

með karamellufyllingu og ristudum möndlum



**NÝTT**

**emmessis**

-Toppurinn á ísnum



**KARFI** Niðurstaðan felur í sér að tollfrjálsir kvótar fyrir fersk karfaflök fara úr 850 tonnnum í 2.000 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Samningar um uppbyggingarsjóð EES eru í höfn:

## Framlög Íslands hækka um 11%

**EVROÐUMÁL** Framlög Íslands til Uppbyggingarsjóðs EES munu hækka um 11,3 prósent. Samningaviðræðum milli EFTA-ríkjanna innan EES og ESB um framlög til sjóðsins fyrir tímabilið 1. maí 2014 til 30. apríl 2021 er lokið. Fyrri samningur rann út í lok apríl 2014.

Í frétt á vef utanríkisráðuneytisins segir að samningaviðræður hafi staðið yfir á annað ár þar sem mikið hafi borið á milli aðila í upphafi. Samhliða þessum viðræðum hafi farið fram viðræður um endurnýjun samninga um tiltekna tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir sjávaraf-

urðir frá Íslandi inn á markað ESB. Niðurstaða samninga inniheldur meðal annars að hækkan framlaga til uppbyggingarsjóðs EES milli tímabila nemur 11,3 prósentum, sem er í takt við verðlagsbreytingar frá árinu 2009.

Þá felur niðurstaða samninga í sér að árlegir tollfrjálsir kvótar fyrir humar aukast úr 580 tonnnum í 1.000 tonn, fyrir fersk karfaflök úr 850 tonnnum í 2.000 tonn og nýr kvóti bætist við fyrir unna þorsklifur upp á 2.500 tonn. Samningurinn gildir í sjö ár, eða frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2021.

- ngj



# ÚTIMÁLNING

og allt til viðhalds eigna

**Á MÚRBÚÐARVERÐI**



Maston Hammer Spray 400ml  
**1.195**



Elite þakbursti 22cm  
**4.595**



Þakmálning 10 lítrar  
**12.695**



DEKAPRO útimálning, 10 lítrar  
**7.490**



Mako Viðarvarnarpensill, 50mm  
**295**

Truper vírbursti m/sköfu  
**435**

Maston Hammer 250ml  
**1.095**



Drive málararmotta 10m²  
**1.590**



Oden Grunnóla 1 líter  
**1.295**



Oden útigrunnur á tré, 1 líter  
**1.595**



Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn  
**2.095**



Bio Kleen pallahreinsir 5 lítrar kr. **3.295**



Scala Steypugrunnur Betoprime glær. 1 líter  
**895**



DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar  
**6.590**  
1 líter kr. **1.790**



ODEN EDAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 2,7 l.  
**4.390**



Landora tréolía Col-51903 3 l.  
**2.690**



Meister fúgubursti með krók #4360430  
**2.590** (með auka vírbursta)

Bíla & gluggabvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun  
**2.690**



Mako penslasett  
**595**



Weber Milligróf múrblanda 25 kg  
**1.890**



Weber Rep 980 5kg  
**1.650**



Deka Hrað 5kg  
**1.770**

LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m  
**17.990**

**MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM OG TRÖPPUM**

Lavor Vertico 20 Háþrýstidæla 140 Max Bar 450 lítrar/klst 1900W 9 kg  
**19.990**



Proflex Nitril vinnuhanskar  
**375**



**Steypugljái á stéttina - þessi sem endist**



Dicht-Fix þéttiefni 750ml  
**1.995**



Malartvatt Paint Wash  
**1.195**



**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16  
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Fimmtíu eru fáir

**S**tjórnvöld tilkynntu í gær að ákveðið hafi verið að taka á móti 50 flóttamönnum til að létta á miklum straumi flóttamanna til Grikklands og Ítalíu. Flóttafólkið sem um ræðir kemur frá Sýrlandi, Erítreu, Írak og Sómalíu og er undirbúningur fyrir komu þess þegar hafinn. Áætlað er að tekið verði á móti fólkinu á tveggja ára tímabili; frá og með október næstkomandi.

Alls hafa ráðherrar Evrópusambandsríkjanna ákveðið flutning rúmlega 32 þúsund flóttamanna frá Ítalíu og Grikklandi til annarra Evrópu-sambandsríkja í október. Löndin tvö munu vera komin að þölmörkum og var því lögð fram áætlun til að létta á vanda þeirra í apríl en Ísland var ekki hluti af þeirri áætlun. Upphaflega hafði framkvæmdastjórn Evrópu-

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



sambandsins lagt til að 40 þúsund flóttamönnum yrði veitt hæli í Evrópu en sú áætlun lagðist víst ekki vel í alla.

Yfir 150 þúsund manns hafa flúið heimili sín til Evrópu á þessu ári vegna stríðs og fátæktar. Bróðurpartur þeirra hefur leitað til Grikklands eða Ítalíu. Þetta er hins vegar einungis brot af vandamálinu; alls eru um 38 milljónir íbúa heimsins á vergangi vegna átaka og ofbeldis í heimalandi þeirra. Um er að ræða svipaðan fjölda og býr samanlagt í London, New York og Peking.

Ísland hefur almennt verið hlutfallslega lélegt í móttöku flóttamanna. Í úttekt Fréttablaðsins í dag kemur fram að í fyrra hafi alls komið hingað 24 flóttamenn, enginn árið þar á undan og níu árið 2012. Enginn árið 2011, sex árið 2010 og enginn 2009. Svona er okkar saga í þessum efnum. Ef hlutdeild okkar ætti að vera sambærileg við Svíþjóð, sem við viljum oft og tíðum gjarnan bera okkur saman við, ættu Íslendingar að taka á móti 1.500 flóttamönnum árlega. Athugast skal að hér er ekki átt við hælisleitendur, sem eru mun fjölmennari hópur.

Það er þó gleðilegt að sjá að landið okkar stendur sig nokkuð vel í samanburði um þessar mundir. Móttaka þessara fimmtíu einstaklinga er hlutfallslega á við fjöldann sem Þýskaland og Frakkland taka á sínar herðar.

Daglega berast okkur fréttir af hörmulegu ástandi víðs vegar um heiminn. Aðstæður þessa fólks eru slíkar að við hér á okkar einangraða Íslandi getum illa gert okkur það í hugarlund.

Hér á Íslandi má vissulega margt betur fara. Við þurfum að gæta að innviðunum og því að gleyma ekki okkar eigin minnsta bróður. Það er hins vegar útilokað að bera saman aðstæður þeirra sem verst hafa það hér og þeirra sem Evrópuráðherrar og ríkisstjórnir ræða nú um að veita hjálparhönd. Það er engin mótsögn í því fólgin að telja rétt að opna faðminn fyrir fleira fólki sem á um sárt að binda vegna stríðs, hors og vösbúðar eða óásættanlegra aðstæðna almennt, og að vilja halda áfram að gera betur við tekju-lægsta hópinn hérlendis.

Íslendingar búa við velmegun; ofgnótt miðað við þá sem verst hafa það. Í því ljósi eru 50 flóttamenn – 0,015 prósent af heildarfólksfjölda, eða réttara sagt 25 á ári, afar fáir.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Framboð og eftirspörð

Ummæli Ragnheiðar Elínar Árnadóttur ferðamálaráðherra, í Fréttablaðinu í gær um óstýrilátar hægðir ferðamanna hafa vakið athygli. „Það sem vekur athygli mína við þessar fréttir er að þær koma frá stöðum þar sem þessi mál eru bara alveg í lagi. Þetta er þá bara eitthvert hegðunvandamál sem ég bara veit ekki hvernig á að leysa og það eru ferðapjónustuaðilar sem þurfa að taka á þessu máli með sínum gestum. Þetta er bara meira eins og uppeldismál.“ Ummælin þykja heldur óheppileg en afar ólíklegt þykir að skyndilega hafi hér tekið að streyma inn ferðamenn sem aldrei hafa komist í snertingu við siðmenningu áður. Vandinn er augljóslega

heimabruggaður en salernisaðstaðan mætir greinilega ekki eftirspurn.

### Sagan endalæsa

Hvernig taka eigi á ferðamanna-straumnum virðist gordionshnútur íslenskra stjórn mála. Straumurinn hófst fyrir nokkrum árum og hvert ár toppar það sem áður kom sem metár hvað fjöldi ferðamanna varðar, hvað fjöldi útleigðra gistirýma varðar og hve marga lundabangsa við fluttum inn frá þrælaverksmiðjum í Kína. Stjórnálmenn eru færir um að aflétta fjármagnshöftum, leiðrétta húsnæðisskuldur, rétta við efnahag landsins og koma á hallalausum fjárlögum en þeim virðist vera líffræðilega ómögulegt að koma böndum á ferðamannaíðnaðinn.



### Hlutfallslega frábær

Í Fréttablaðinu í dag kom fram að innanríkisráðherrar Evrópusambandsins hafi ekki náð markmiði sínu um að taka á móti 40 þúsund flóttamönnum til að létta undir með Suður-Evrópuríkjum. Það eru mjög leiðar fréttir en lyfta þarf grettistaki í málefnum flóttamanna. Þó bást afar ánægjulegar fréttir úr sama málflokki í gær en íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að taka á móti 50 flóttamönnum sem þýðir að Ísland leggur hlutfallslega meira til málaflokksins en Þýskaland. Vinna er þegar hafin í félagsmálaráðuneytinu. Ráðherrann, Eygló Harðardóttir, og aðrir sem koma að málefnum flóttamanna eiga mikið hrós skilið fyrir þessar skuldbindingar.

stefanrafn@frettabladid.is

## HALLDÓR



## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# KRONAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

AÐEINS

## 40 kr.

STYKKIÐ

ef keypt eru 10 stk.

- annars 50 kr. stk.

# Hvað mun friðurinn kosta?

## UTANRÍKISMÁL



Sema Erla Serdar  
Ungur jafnaðar-  
maður

Að minnsta kosti 32 létu lífið og fleiri en 100 særðust í sjálfsmorðsárás sem gerð var á menningarmiðstöð í tyrkneska bænum Suruc, við landamæri Sýrlands, á mánudag. Um 300 ungmenni, þeirra á meðal ungmenni á vegum samtaka ungra sósíalista, voru saman komin í menningarmiðstöðinni þegar árásin átti sér stað.

Árásin hefur því miður fengið litla umfjöllun í fjölmiðlum hér á landi en árásin hefur víða vakið mikla reiði því augljóst er að árásin beindist sérstaklega gegn ungmennunum sem höfðu unnið sér það til saka að vera á leiðinni til bæjarins Kobane í Sýrlandi, með leikföng að vopni. Þau voru á leiðinni til bæjarins til þess að aðstoða við uppbyggingu bæjarins, sem hefur verið helsti vígvöllur hermanna Íslamska ríkisins og kúrdískra uppreisnarmanna undanfarna mánuði og þarfnast nú mikillar uppbyggingar ef möguleiki á að vera á að búa þar til framtíðar.

Auk þess sem árásin beindist sérstaklega að ungu fólki beindist hún einnig gegn friði og uppbyggingu í Mið-Austurlöndum, gegn lýðræði og mannréttindum og gegn frelsi einstaklingsins. Árásin minnir óheyrilega á voðaverkin

→ Það er dapurlegt að sjá alþjóðasamfélagið standa ráðalaust frammi fyrir ógn sem drepur börn og gegn hugmyndafræði sem réttlætir slíkar árásir.

Í Útey þar sem 68 ungmenni létu lífið í skotárás á sumardvalarstað ungliða-hreyfingar norska Verkamannaflokksins, en í dag minnumst við þess að fjögur ár eru liðin frá fjöldamorðunum í Útey.

Það er sorglegt að horfa aftur upp á ungt fólk vera myrt vegna hugsjóna sinna og vegna þess að þau vilja láta gott af sér leiða. Það er dapurlegt að sjá alþjóðasamfélagið standa ráðalaust frammi fyrir ógn sem drepur börn og gegn hugmyndafræði sem réttlætir slíkar árásir.

Friður verður aldrei áunninn með átökum heldur með frekari jöfnuði, frelsi og réttlæti. Við munum aldrei hætta að berjast fyrir friðsælli heimi og látum hryðjuverkamenn ekki stoppa okkur eða hræða. En ljóst er að friðurinn mun kosta okkur mikið.

# Faglegt æskulýðsstarf í Hafnarfirði

Stytttri vinnudagur barna er ein af megináherslum Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði. Aukin samfélla í skólagæðinum, frístunda- og félagsstarfi auk annarrar virkni á borð við listnám eða íþróttir, er að okkar mati lykill að þessu markmiði. Fagleg, góð og hagkvæm þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra er okkur hjartans mál sem við stefnum að með öllum færur leiðum.

## ÆSKULÝÐSSTARF



**Guðlaug Kristjánsdóttir**  
bæjarfulltrúi  
Bjartrar framtíðar í  
Hafnarfirði



**Matthías Freyr Matthíasson**  
formaður íþrótt- og  
tómstundaneftirfarandi í  
Hafnarfirði

fjarðar verður að finna leið til að léttja rekstur bæjarins. Markmiðið í þeim efnum er að finna svigrúm upp á 5-600 milljónir króna. Þetta verður við að hafa hugfast í þeirri úrvinnslu á niðurstöðum rekstrarúttektar sem fram undan er.

Þessi nauðsyn til að mæta slæmri fjárhagsstöðu eykur enn mikilvægi þess að ferlið sé opið gagnvart íbúum, enda brýnt að hlustað sé á vilja bæjarbúa og leitast við að mæta óskum þeirra eins og hægt er.

### Breytingar – ógn eða tækifæri?

Björt framtíð leggur megináherslu á að tilfærsla á rekstri frístundaheimila í skólunum frá fjölskyldusviði til fræðslusviðs hafi ekki áhrif á faglegt starf nema þá á eflingur. Áfram verði forstöðumenn á hverjum stað, auk þess sem fagstjóri starfi áfram í miðlægrri stjórnsýslu. Þessar áherslur eru í samræmi við vinnu þverpólítísku starfshóps sem fjallað hefur um frístundastarfið undanfarna mánuði. Skýr greinarmunur er gerður á rekstrarlegri stjórnun og faglega þættinum.

Fjöldmörg tækifæri fylgja breyttu skipuriti. Meðal annars er tækifæri til að draga úr starfsmannaveltu með því hugsan-

→ Fagleg, góð og hagkvæm þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra er okkur hjartans mál sem við stefnum að með öllum færur leiðum.

lega að geta boðið starfsfólki frístundaheimila lengri starfsdag og hærra starfshlutfall. Þá er tækifæri til að auka samféllu í vinnudegi barnanna okkar með því að tryggja að stoðþjónusta sé samfelld og fleira mætti nefna. Málið snýst á endanum um að efla vellíðan og þroska barna okkar.

Horft verður til reynslu annarra sveitarfélaga á sambærilegu fyrirkomulagi, þ.e. að fella rekstur frístundaheimila inn í heildarstarf skólanna. Við erum t.d. meðvit- uð um það að gæta þarf af fjárveitingum til frístundamála svo þau verði ekki afgangsstærð í heildarrekstrinum.

### Ræðum málin til enda

Frá því tillögur ráðgjafa voru birtar á vef bæjarins hafa þær verið túlkaðar með ýmsum hætti, meðal annars af hálfu minnihlutans í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Þessar tillögur eru grunnar að ákvarðanaferlinu sem fram undan er, þær ber ekki að túlka sem endanlega niðurstöðu, fyrst þurfa þær umfjöllun.

Við vonumst eftir víðtækri þátttöku í því samtali og munum sjálf hafa að leiðarljósi að finna sem best jafnvægi milli óumflýjanlegrar leiðréttingar á slæmri fjárhagsstöðu og áframhaldandi uppbyggingar á öflugri þjónustu við bæjarbúa. Það verkefni mun vafalaust kalla á útsjónarsemi og því kjósum við að njalgast það með opnum hug og bjartu sýni, í anda Bjartrar framtíðar.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á [greinar@visir.is](mailto:greinar@visir.is) og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Einhliða tollalækkun er engin fásinna

Yfirlýsingar Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra, um að áformað sé að fella niður tolla á fötum og skóm um næstu áramót og tolla af öllum öðrum vörum nema matvöru fyrir árið 2017, marka mikil tímamót í íslenskri verzlunarsögu.

## EFNAHAGSMÁL



**Ólafur Stephensen**  
framkvæmdastjóri  
Félags atvinnu-  
rekenda

Þessi áform stjórnvalda eru til marks um að þau átti sig á því hversu skaðlegir tollar og önnur höft á alþjóðaviðskiptum eru. Í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins um þessi áform segir réttilega: „Tollar hafa hamlandi áhrif á viðskipti og draga úr alþjóðaviðskiptum í heild sinni. Þegar tollur er lagður á innflutta vöru hækka verði sem innlendir neytendur þurfa að greiða fyrir vöruna sem aftur dregur úr eftirspurn eftir henni. Afnáam tolla lækkar vöruverð til neytenda, bætur samkeppnishæfni seljanda og eykur skilvirkni á innlendum markaði.“

Þessar setningar eru teknar upp úr skýrslu starfshóps um endurskoðun tollskrár og þar er orðalagið raunar enn afdráttarlausara; starfshópurinn bendir á að í skjóli tollmúra geti innlendir framleiðendur hækkað verð umfram heimsmarkaðsverð og allir tapi; aukning tekna hins opinbera verði minni en tap neytenda og framleiðenda.

### Mótsagnakennd stefna

Í ljósi þessarar afdráttarlausu afstöðu fjármálaráðuneytisins til skaðsemi tolla skýtur vissulega skökku við að fjármálaráðherra hafi ekki einu sinni á málgað að gera breytingar á matartollum. Alþjóðaviðskipti með matvöru lúta ekki öðrum hagfræðilegum lögmálum en viðskipti með allar aðrar vörur. Starfshópurinn sem vann skýrsluna sem tillögur ráðherrans byggjast á var hins vegar ekki einu sinni beðinn að skoða afnáam matartolla.

Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum er mótsagnakennd á ýmsa lund. Á sama tíma og fjár-

→ Nú hefur fjármálaráðherra komið að allt annarri niðurstöðu en forsætisráðherra; það er í góðu lagi að afnema eða lækka tolla einhliða.

málaráðherra boðaði afnáam allra annarra tolla skrifaði landbúnaðarráðherra upp á að tollar á mat, sem fluttur er inn á svokölluðum WTO-tollkvóta, skyldu hækka um rúmlega 7% á milli ára!

### Hreint engin fásinna

Mjög mikilvægt og fordæmisgefandi skref varðandi breytingar á matartollum er þó stigið með áformum fjármálaráðherra. Með þeim er víðurkennt að ekkert er því til fyrirstöðu að lækka tolla einhliða. Því hefur gjarnan verið haldið fram að það sé ekki hægt; Ísland verði að semja við önnur ríki og fá eitthvað í staðinn fyrir að lækka tolla á innflutningi. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra uppástóð til dæmis á Búnaðarþingi í marz síðastliðnum að það væri „hrein fásinna“ að tala um að afnema tolla einhliða án þess að fá neitt á móti. Með því væri samningsstöðu Íslands kastað á glæ.

Nú hefur fjármálaráðherra komið að allt annarri niðurstöðu en forsætisráðherra; það er í góðu lagi að afnema eða lækka tolla einhliða. Það hefur raunar verið gert áður hvað matvöru varðar, þegar tollar á innflutta gróðurhúsgrænmeti voru felldir niður árið 2002. Afleiðing þeirrar tollalækkunar var veruleg verðlækkun og jafnframt aukin sala bæði innlands og erlends grænmetis. Innlend grænmetisframleiðsla hefur blómstrað síðan og unnið stórvirki í nýjungum og vöruþróun.

Nú hefur verið höggvið myndarlega í tollmúrana. Þess getur ekki verið langt að bíða að verndarmúrarnir sem reistir hafa verið um innlenda matvælaframleiðslu molni líka niður.

### Ný vinnubrögð

Nýútkominni úttekt ráðgjafafyrirtækjanna Capacent og R3 á rekstri Hafnarfjarðarbæjar fylgir fjöldi tillagna um skipulags- og rekstrarbreytingar af ýmsu tagi. Úrvinnsla þessara ábendinga stendur nú fyrir dyrum innan stjórnkerfis bæjarins. Skiljanlegt er að þessi vinnubrögð geti, og hafi, valdið mis- skilningi, þar sem tillögurnar eru birtar í heild sinni með öpum hætti áður en endanleg ákvörðun á grunni þeirra hefur verið tekin. Með þeim hætti er aðgengi íbúa að ferlinu opnað, í samræmi við stefnu Bjartrar framtíðar um opna stjórnsýslu.

Í fullkomnum heimi væru umræður um tillögur ráðgjafanna lausar við verðmiða og kostnaðarvitund. Staða mála er hins vegar sú að bæjarstjórn Hafnar-

# Hvernig líður okkur í vinnunni?

Sam ungur hjúkrunarfræðingur efaðist ég ekki um að hafa valið rétta starfið fyrir lífstíð. Í dag hefði ég valið á annan hátt. Heilbrigðis-kerfinu okkar hefur hnignað mjög síðustu 20 ár vegna sparnaðar og hagræðingar. Verst hefur mér þótt hversu mjög hefur verið sparað í starfsfólki. Fyrir hrún var byrjað að fækka starfsfólki á vöktunum og eftir hrún var haldið áfram að fækka. Svo var farið að spara klukkustund hér og klukkustund þar og vaktirnar stytta. Þrátt fyrir að nægur tími og umhyggja sé það sem oftast skiptir skjólstæðingana hvað mestu máli.

## KJARAMÁL



**Elínborg Angantýsdóttir**  
hjúkrunarfræðingur

spara tíma og koma sér vel fyrir deildina.

Eftir stutt rapport spyr ég ungu stúlkurnar hvernig þeim líði í vinnunni. Svörin flæða fram og ég skrifa þau hjá mér; það er alltof mikið að gera, mér líður svo illa að geta ekki sinnt öllu eins vel og ég vildi, þegar ég kem heim - vá þá er ég svo þreytt og get ekki hætt að hugsa um vinnuna, það er svo leiðinlegt að þurfa að segja bíddu aðeins þegar fólk biður um eitthvað, mér finnst sumir aðstandendur halda að við séum ekki að vinna vel. Ein þeirra bætir við: ég vildi óska þess að hjúkrunarfræðingarnir hefðu meiri tíma fyrir sín störf, þær hafa alltof mikið að gera og það er slæmt fyrir alla.

Þegar ég kem heim sest ég niður og byrja að skrifa. Starf mitt hefur markað líf mitt og ég er ekki lengur ung. Að vinna sem hjúkrunarfræðingur við þessar aðstæður gerir mig sorgmædda og mér finnst eins og gamli neistinn í hjartanu hafi horfið með niðurskurðinum.

Álag á hjúkrunarheimilum er alls staðar svipað. Mér þykir vænt um minn ágæta vinnustað. Þar er mjög gott starfsfólk sem vinnur vel. En ég deili á þá sem forgangsraða fjármunum þjóðfélagsins án þess að huga betur að þeim sem minna mega sín. Það hlýtur að vera hægt að spara annars staðar. Mér er næst að halda að þrátt fyrir mikla umfjöllun geri hvorki ráðamenn né almenningur sér grein fyrir ástandinu í heilbrigðiskerfinu sem er oft óþodlegt bæði fyrir skjólstæðinga og starfsfólk.

Stjórnendur og millistjórnendur heilbrigðiskerfisins ættu að standa betur með þeim sem vinna á gólfinu, þeirra skyldur eru ekki bara að framfylgja skipunum að ofan um sparnað. Þetta fólk getur sagt hingað og ekki lengra og stuðlað að því að snúa þróuninni við.

**Skafís** Í TÍLEFNI DAGSINS – ALLA DAGA

EMMESSIS  
-Toppurinn á ísnum

MEÐ VANILLUBRAGDI | MEÐ SÜKKULABÍSÖSU | HNETUÍS MEÐ KARAMELLUSÖSU



**Eclipse 300 tjald**

Þriggja manna. Vatnsheldni 2000 mm. 100% pólýesterdúkur með öndunareiginleikum. Þyngd 4,4 kg. Ytri mál: 360 x 120 x 130 cm.

**17.995,-**

~~18.095,-~~



**65.995,-**

~~85.795,-~~



**Boston 600 tjald**

Sex manna. Ytra ummál: 495 x 360 x 210 cm. Innra tjaldinu má skipta í tvennt með skilvegg með rennilás, en þannig fæst rúmgott svefnpláss fyrir allt að 3 fullorðna hvorum megin. Vatnsheldni 3000 mm. Þyngd 25 kg.



**Comet 200 tjald**

Tveggja manna. Vatnsheldni 600 mm. Þyngd 1,9 kg. Ytri mál: 140 x 205 x 100 cm.

**6.195,-**



**Quasar 200 tjald**

Tveggja manna. Vatnsheldni 2000 mm. Þyngd 3,2 kg. Ytri mál: 270 x 140 x 110 cm.

**11.695,-**



**Phantom 500 tjald**

Fimm manna. Vatnsheldni 3000 mm. 100% pólýesterdúkur með öndunareiginleikum. Þyngd 8 kg. Ytri mál: 360 x 320 x 140 cm.

**27.995,-**

~~28.595,-~~



**Eva sjálfupplásanleg dýna**

180 x 50 x 0,8 cm. Hámarksþyngd 240 g.

**1.595,-**



**Moon svefnpoki**

Lengd 220 cm, opnast báðum megin. Þolir allt að -12°. Þyngd 1300 g. Grænn.

**5.995,-**



**Vatnsvarnarúði**

Eykur endingu og vatnsver tjaldið. Úðann má nota á öll textílefni, leður o.fl.

**1.895,-**



**BAUHAUS®**

# Mjög mikið úrval af útileguvörum

- gæði og gott verð



## Rennes borð

70 x 110 x 70 cm felliborð með álgrind,  
5,1 kg á þyngd.

**11.995,-**



## Brekkustóll

Blár. Opnast og leggst saman á örfáum sekúndum.  
Hámarksburðarþol 100 kg, þyngd 2,5 kg.

**3.295,-**



Outwell

## Nantes útileguset

Í settinu eru 60 x 120 x 70 cm  
Nantes felliborð með álgrind, 4,5  
kg á þyngd, og 4 Fergus fellistólar  
úr áli, með 5 sætis-stillingum.  
Stólarnir eru 4,35 kg. Borð:  
**9.295,- Stóll: 8.395,-**

VERÐ Á SETTI

**39.995,-**

~~42.895,-~~



## Útilegueldunarsett

Í settinu eru 2 pottar, 1,7/2,2 l, 22,5 cm steikarpanna,  
1 l ketill, laust handfang, prímus, stöðugur  
pottahaldari og vindhlíf. Notið spritt steina.

**8.335,-**



## Gashella

Létt gashella með einum 1900 vatta brennara. Hellan  
er í traustum flutningskassa sem gerir hana frábæra  
fyrir útileguna, ferð á ströndina eða bara til að eiga  
inni í skáp í neyðartilvikum.  
Þyngd 1,7 kg.

**2.895,-**



## Hægindastóll

Victoria. 5 stillingar, með álgrind, 58 x 188 x 32 cm.  
Með sólskyggni og lausum púða. Hámarksburðarþol  
125 kg, þyngd u.þ.b. 5,3 kg.

**18.295,-**



## Hægindastóll

Blár. 4 stillingar. Má einnig nota sem vagn.  
Hámarksburðarþol 100 kg, eða 20 kg þegar stólnum  
er breytt í vagn. Þyngd 4,3 kg.

**6.995,-**



## Rafknúíð kælibox

Mirabelle. 12 V. H: 40 x L: 39 x B: 32 cm, rúmar  
24 x 0,33 l dósir.

**9.895,-**



## Rafknúíð kælibox

24 l. Vistvænn kæli, 12 V. H: 40 x L: 39 x B: 28,5 cm.

**24.995,-**



## Einnota grill

Frábært fyrir útileguna eða strandferðina. Tilbúið til  
notkunar á u.þ.b.  
20 mínútum.

**545,-**

## Kveikilögur úti

Flatapakk.

**795,-**



## dancook®

Viðarkol, 2,5 kg

Úr lauftrjám og bindiefnum úr jurtaíkinu, án nokkurra  
efna sem losa  
koltvísýring.  
Brennsluorka 29.000 KJ.

**655,-**

# MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 23. júlí til og með sunnudeginum 26. júlí 2015.  
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



**HÚSFREYJAN Í DAVÍÐSHÚSI** Sumir eiga sorgir og sumir eiga þrá nefnist dagskráin sem hún er með á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hin ljóðræna þjáning

Ástin og sorgin í ljóðum Davíðs Stefáns-sonar er efni dagskrár í Davíðshúsi.

„Ég er einmitt að velja ljóð og var að lesa Skógarhindina þegar þú hringdir,“ segir Valgerður H. Bjarnadóttir, húsfréyjja í Davíðshúsi á Akureyri, þegar hún svarar í símann.

Valgerður sér um dagskrá tengda ljóðum Davíðs í húsinu á hverjum fimmtudegi klukkan þrjú og tekur eitthvað vissu fyrir hverju sinni. Síðast var það Ítalúferðin en á morgun ætla hún að fjalla um ástina og sorgina. „Langflest þessara viðkvæmu og tilfinningaþrungnu ljóða Davíðs eru í fyrstu bókunum. Þau fá á sig öðruvísi blæ í seinni bókunum, þá yrkir hann meira um þjóðina og landið,“ segir Valgerður en bætir við að inn á milli birtist þó alltaf hið

blæðandi hjarta skáldsins. „Þannig er ljóðið Skógarhindin, sem hefst svona: Langt inn í skóginn leitar hindin særð... það er í bók sem kom út 1960, bara fjórum árum áður en hann dó. Davíð notar dýr mikið sem táknmyndir og hvort hann er þarna að tala um sjálfan sig eða aðra manneskju... eða ljóðin sín, það veit enginn. Kannski er hann sjálfur farinn að horfast í augu við dauðann.“

Davíðshús er opið frá 13 til 17. Viðburðir þar í sumar eru hluti af Listasumri á Akureyri. Aðgangur að húsinu kostar 1.200 krónur en 600 krónur fyrir eldri borgara og frítt er fyrir börn. -gun



**PETTA GERÐIST:** 22. JÚLÍ 2011

## Eden í Hveragerði brann til kaldra kola

Gróðrarstöðin og veitingastaðurinn Eden í Hveragerði bókstaflega fuðraði upp á nokkrum mínútum þennan dag árið 2011. Slökkviliðsmenn komu fljótt á vettvang en þakið á Eden var allt úr plasti svo strax var ljóst að ekki væri hægt að ráða við eldinn fyrr en það væri brunnið. Eldurinn var ofsafenginn, kolsvartur reykurinn steig hundruð metra upp í loftið, logarnir stóðu upp úr þakinu og sprengingar heyrðust af og til.

Logn var í Hveragerði þegar Eden brann og bensínstöð og önnur mannvirki í nágrenninu voru ekki í hættu.

Eden hafði verið afar vinsæll viðkomustaður um áratuga skeið og alsíða var að skreppa þangað í sunnudagsbíltúr af höfuðborgarsvæðinu.



**NÁMSRÁÐGJAFINN** Ásta kveðst líta svo á að nám sé eins og hvert annað starf. Því þurfi námsfólk nútímalegt tæki eins og annað vinnandi fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

## Að skila góðu dagsverki liggur í eðli mannsins

Nemanet er nýr sérhæfður hugbúnaður, hannaður fyrir nemendur á öllum aldri. Ásta Krístrún Ragnarsdóttir námsráðgjafi er höfundur aðferðarinnar sem hann grundvallast á.

### Næstu skref

Áður en Nemanetið fer í almenna sölu verða haldin innihaldsrík námskeið á Eyrarbakka fyrir fámenna hópa 10. bekkinga, að sögn Ástu Krístrúnar. Við taka síðan fjarnámskeið fyrir öll skólastig og námskeið fyrir foreldra sem vilja vera virkir og fylgjast með námsvinnu barna sinna.

Kerfið býður þó líka innbyggða leiðsögn sem gerir notendum kleift að taka Nemanet í notkun upp á eigin spýtur. Kynningarefni er aðgengilegt á heimasíðunni nemanet.net.

hafi grunn- og framhaldsskólanemar sótt, sumir með foreldrum sínum. „Þáttaka og áhugi foreldra eru mikilvæg atriði fyrir árangur í námi,“ bendir hún á.

Nemanet verður selt til einstaklinga. „Ég tel að það skipti máli að frumkvæði og áhugi komi frá notandanum. Þá er hann orðinn gerandi,“ segir Ásta og sálfræðingurinn kemur upp í henni. „Innri umbun kemur í kjölfar árangurs og hún er síðan hvatinn til að ná lengra og læra meira. Gildi ytri umbunar telur vissulegra líka þegar vel gengur, í formi góðra einkunnna og jákvæðra umsagna í skólunum og heima. Nemanet byggir á viðgangi innri umbunar og leiðir til aukinnar námsánægju,“ segir hún.

Ásta kveðst líta svo á að nám sé eins og hvert annað starf. Því þurfi námsfólk nútímalegt tæki eins og annað vinnandi fólk, enda sé sérhæfðan hugbúnað að finna í nánast hverri starfs-

grein í atvinnulífinu. „Sérhæfður námsbúnaður þarf að taka mið af virkni heilans og notandi þarf að læra á sinn eigin heila eins og hvern annan hugbúnað,“ segir Ásta og bætir við: „Heimanám er einmanaleg iðja og afraksturinn er oft huglægur fremur en áþreifanlegur en Nemanet gerir snúið markvissara og eflir lesskilning, skipulag og minni.“

Hún bendir á að mikil umræða sé um brottfall úr skólum, hignandi lesskilning, slæma útkomu íslenskra nemenda í alþjóðlegum samanburði og inntökuþróf, en fullyrðir að Nemanet sé tæki sem geti mætt þörfum nemenda og snúið vörn í sókn. „Valgeir, eiginmaður minn og samstarfsmaður, var einmitt að búa til einkunnarorðin Nemanet lætur verkin tala,“ segir hún gláðlega. „Við viljum nefnilega öll vinna vel, það liggur í eðli mannsins að skila góðu dagsverki.“

gun@frettabladid.is

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**PÓRDÍSAR KALMAN**  
Grandavegi 47, Reykjavík.

Martha María, Sigríður Helga, Bergur, Hildur, Þórdís, Björn, Ásdís, Páll Einar og fjölskyldur.



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**MAGÐALENU AXELSDÓTTUR MADDÝ**  
frá Læk, Skagaströnd,  
Vallarbraut 5, Seltjarnarnesi.

Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til Karítas og starfsfólks göngudeilda Landspítalans við Hringbraut á 11g og 11b.

Þorbjörn Einar Jónsson  
Sandra Þorbjörnsdóttir  
Jón Arnar Þorbjörnsson  
og barnabörn.

Jónas Helgason  
Berglind Bragadóttir



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST LADY 31

ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. júlí 2015 | 29. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

SVANSMERKIÐ  
SÍÐAN 2000!



Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

## ÞRÍJÁR AÐGREIÐSLUR Á 40 ÁRUM

→ Eyjólfur Pálsson byrjaði verslunarrekstur sinn í ferðatösku

→ Segir mikilvægt að atvinnurekendur tæmi ekki fyrirtækin af eigin fé

→ Telur mjög mikilvægt að hafa íslenska hönnun í flugstöðinni

SÍÐA 4

## Helmingurinn selst á sumrin

Nánast tvöfalt fleiri sólarstundir voru á tímaabilinu 1. júní til og með 19. júlí í ár miðað við á sama tíma í fyrra. Ísframléiðendur segja að þessi niðurstaða hafi mikil áhrif á framleiðslu þeirra. „Það er töluvert mikið meiri sala núna. Það helgast af því að við erum með góða veðrið sunnan heiða,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Kjöríss. „Þegar við fáum ekki þessa góðu daga á höfuðborgarsvæðinu þá finnum við gríðarlega fyrir því,“ segir Guðrún.

→ SÍÐA 2



## Kaupa dal í staðinn fyrir gull

Verð á gulli hefur ekki verið lægra í fimm ár. Ástæðan er sú að umræðan um vaxtahækkun í Bandaríkjunum hefur orðið hvati fyrir fjárfesta til að selja málminn. Í stað gullsins kaupa fjárfestar Bandaríkjadal, í þeirri trú að greina megi bata í bandaríska hagkerfinu. Fjárfestar kaupa vanalegast gull á óvissutímum.

→ SÍÐA 5

## Frá Ríkissaksóknara á Bifröst

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir aðstoðarsaksóknari tekur við stöðu sviðsstjóra lagadeildar Háskólans á Bifröst í haust. Hún segir að reynslan úr starfi sínu í réttarkerfinu muni nýtast í nýja starfinu. „Í málflutningi er ákveðin þungamiðja starfsins að greina kjarna máls og rökstyðja niðurstöðuna að því loknu. Góður lögfræðingur þarf að geta fært rök fyrir máli sínu munnlega og skriflega,“ segir Þorbjörg.

→ SÍÐA 5



STJÓRNAR-  
MÁÐURINN

@stjornarmadur

Það er ekkert óeðlilegt við að ýmsir vaxtarverkir komi upp þegar ferðamanna-fjöldi tvöfaldast á fjórum árum.

→ SÍÐA 8

# SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN  
AÐGANG AÐ  
TÓNLISTINNI Í ÖLLUM  
HERBERGJUM



### Hvað er SONOS?

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er. Spilaðu það sem þú vilt hvar sem er á heimilinu í gegnum Sonos kerfið sem er mjög einfalt í uppsetningu.



## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)



# Ef flugið væri rekið eins og landbúnaður

Skjóðan

**ÁFORM** fjármálaráðherra um afnám tolla, annarra en tolla á matvæli, fyrir árið 2017 eru jákvæð tíðindi fyrir íslenska neytendur. Það er mjög miður að matvælatollar skuli ekki einnig lækkaðir þar sem afnám þeirra er líklega mikilvægasta kjarabót sem hægt er að færa íslenskum heimilum.

**EN** tollaafnamið er ekki fyrir íslenska neytendur. Það er fyrir verslunina í landinu. Hennes & Mauritz er með ráðandi markaðshlutdeild á íslenskum fatamarkaði þrátt fyrir að hér á landi sé engin H&M-verslun. Íslendingar versla í H&M í útlöndum.

**ÞESSA** verslun vill ríkisstjórnin færa inn í landið með því að afnema tolla. Auknar

tekjur af virðisaukaskatti vega upp á móti tekjutapi ríkisins af tollalækkingun. Heildsalar og verslunin í landinu hagnast líka og það dregur úr ójöfnuði milli þeirra Íslendinga sem versla erlendis og hinna sem ekki hafa efni á að ferðast til útlanda.

**ÞAD ER** dapurlegt að á 21. öld skuli íslensk stjórnvöld halda dauðahaldi í úrelt landbúnaðarkerfi sem byggt er á fyrirkomulagi sem komið var á snemma á 20. öld. Innflutningsbönn og verndartollar á innflutt matvæli bitna hart á neytendum og leika bændur sjálfa grátt. Þrátt fyrir afnám tolla eiga þessir verndartollar að lifa.

**ÍSLENSKIR** bændur hanga margir á horriminni. Þetta er afleiðing aldarlangrar miðstýringar og hafta. Í stað

þess að sjá tækifæri í markaðslausnum í landbúnaði einblína stjórnvöld á skrattann sem hagsmunaaðilar í landbúnaði mála á vegg. Hagsmunir einokunarmilliliða ganga gegn hagsmunum bæði neytenda og bænda.

**LANGT** fram yfir miðja síðustu öld voru ferðalög með flugvélum til útlanda munaður sem einungis efnað fólk gat leyft sér. Ungir, áræðnir menn stofnuðu Loftleiðir og hleyptu samkeppni inn á íslenskan flugmarkað. Loftleiðir gerðu ekki aðeins Íslendingum kleift að ferðast ódýrar en fyrr. Fólk beggja vegna Atlantsála nýtti sér lág fargjöld félagsins til ferðalaga yfir hafið.

**SAMKEPPNIN** í flugi stækkaði markaðinn og enn sér ekki fyrir endann á því. Nú fljúga fjölmörg erlend flug-

félög til og frá Íslandi og afkoma íslensku félaganna hefur aldrei verið betri. Hvernig ætli íslenski ferðþjónustuvegnaði nú, ef í flugmálum hefði verið fylgt sömu vendar- og einokunarstefnu og gert er í landbúnaði? Ætli ríkisflugfélagið skilaði jafn góðri afkomu og Icelandair gerir nú? Værum við að taka á móti 1,2 milljónum ferðamanna á þessu ári?

**LANDBÚNAÐUR** var stærsta atvinnugrein þjóðarinnar fyrir hundrað árum. Nú kemst hann ekki á verðlaunapall þrátt fyrir umfangsmikla og dýra ríkisvernd. Íslensk flugfélög hafa þurft að keppa í harðri alþjóðlegri samkeppni og eru nú hluti af stærstu atvinnugrein þjóðarinnar.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.



STANDARD & POOR'S Telja bjartara framundan á Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bankarnir í fjárfestingaflokk: S&P hækkar lánshæfismat

Lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's hækkaði lánshæfismat stóru viðskiptabankanna þriggja í fjárfestingaflokk í gær. Lánshæfismat þeirra er hækkað í framhaldi af því að S&P hækkaði lánshæfismat ríkissjóðs á föstudaginn úr BBB- í BBB. Einkunn ríkissjóðs til skamms tíma var einnig hækkuð úr A-3 í A-2 og horfur stöðugar.

Í tilkynningu frá S&P kom fram að hækkan lánshæfismats ríkissjóðs byggist á trúverðugri aðgerðaáætlun stjórnvalda til losunar fjármagnshafta.

# Helmingur íss selst á sumrin

Sólarstundir eru næstum tvöfalt fleiri í sumar en á sama tíma í fyrra. Ísframleiðendur segja þetta hafa mikil áhrif á sölu þeirra. Helmingur framleiðslu Kjöríss seldur á sumrin.

Nánast tvöfalt fleiri sólarstundir voru á tímabilinu 1. júní til og með 19. júlí í ár miðað við á sama tíma í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá Trausta Jónssyni veðurfræðingi voru þær 305 í ár en 163 á sama tímabili í fyrra. Ísframleiðendur segja að þessi niðurstaða hafi mikil áhrif á framleiðslu þeirra.

„Það er töluvert mikið meiri sala núna. Það helgast af því að við erum með góða veðrið sunnan heiða,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Kjöríss. Hún segir að í fyrra og hittíðfyrra hafi verið gott veður fyrir norðan og austan og salan þar eftir því. „En þar bara vantaði fólk. Þegar við fáum ekki þessa góðu daga á höfuðborgarsvæðinu þá finnum við gríðarlega fyrir því,“ segir Guðrún. Það ári því miklu betur hjá íssölum núna. „Þó að það sé kalt. Það er sólríkt og það er þurr og það er það sem

skiptir mestu máli,“ segir Guðrún og bætir því við að salan sé um það bil 15-20 prósentum meiri í ár en í fyrra. Guðrún segir að Kjörís taki um helminginn af ársveltunni inn á sumarmánuðunum þremur. „Við bara lifum á sumrinu og þegar höktir í því og höktir á veðrinu þá kemur það niður á okkur og við náum því ekkert upp með öðru móti,“ segir Guðrún.

Ragnar Birgisson hjá Emmess ís segir, eins og Guðrún, að þetta sumar sé miklu betra en í fyrra. „Síðustu fimm vikur hafa verið mjög góðar. En það er líka vegna þess að við höfum verið með nýjar vörur,“ segir Ragnar og bætir því við að markaðssetning þeirra hafi skipt máli. Hann segir áhrif veðurs á íssölu vera mjög mikil. „Híti hefur rosalega mikið að segja. Ef þú færð gott hitastig þá virkar það betur en ef það kemur sól en bullandi rok,“ segir Ragnar, en bætir



Í SUMARFRÍI Ferðamenn streyma til landsins á sumrin og margir þeirra fá sér ís þegar heitt er í veðri. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

því við að góða veðrið hafi komið seint. „Eins og bændurnir segja,

þá erum við þremur vikum á eftir áætlun.“ jonhakon@frettabladid.is

## Gæða viftur - margar gerðir

Fáðu gust úr vandaðri Honeywell viftu

Ný vefverslun: [www.donna.is](http://www.donna.is)  
Erum nú á Facebook: [donna.ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Sími 555 3100 [www.donna.is](http://www.donna.is)

### Dagatal viðskiptalífsins keldan dagatal viðskiptalífsins

<p><b>MIÐVIKUDAGUR 22. JÚLÍ</b> Hagstofan – Mánaðarleg launavísitala</p> <p><b>FIMMTUDAGUR 23. JÚLÍ</b> Össur – Uppgjör annars ársfjórðungs 2015 Hagstofan – Vísitala neysluverðs</p>	<p><b>MÁNUDAGUR 26. JÚLÍ</b> Icelandair – Uppgjör annars ársfjórðungs</p> <p><b>ÞRIÐJUDAGUR 27. SEPTEMBER</b> Hagstofan – Nýskráningar og gjaldþrot í júní</p>
---	--

### Gengi félaga í Kauphöll Íslands

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	124,00	19,2%	0,0%
Eik fastignafélag*	6,82	0,3%	2,4%
Eimskipafélag Íslands	226,50	-4,4%	0,0%
Fjarskipti (Vodafone)	39,50	12,9%	1,2%
Hagar	37,40	-7,5%	0,8%
HB Grandi	41,70	23,4%	0,0%
Icelandair Group	25,10	17,3%	-0,2%
Marel	191,75	38,9%	1,5%
N1	39,45	70,0%	2,6%
Nýherji	12,49	141,1%	3,1%
Reginn	15,70	15,9%	2,1%
Reitir*	68,80	7,7%	3,3%
Sjóvá	11,14	-6,8%	4,1%
Tryggingamiðstöðin	21,40	-18,6%	0,9%
Vátryggingafélag Íslands	8,40	-7,2%	1,2%
Össur	501,00	38,8%	4,4%
<b>Úrvalsvisitalan OMX18</b>	1.478,27	14,8%	0,9%
<b>First North Iceland</b>			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	28,00	23,9%	6,9%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

\*Skráð á árinu (þróun frá útböðsgengi).



Póst dreifing

The screenshot shows the 'Póst dreifing' website interface. On the left, there is a list of postal districts under the heading 'FJÖLPÓSTUR'. The districts listed are Reykjavík (with sub-districts 101, 103, 104, 105, 107, 108, 210, 225), Heimar, Laugarás, Sund, and Vögar. On the right, there is a pricing section titled 'BLÖÐ OG TÍMARIT'. It shows 'HÚSNÆÐI' (Household rate) for 'Serbjó' at 3,000 and 'Fjölbý' at 1,925, with a total of 4,924. Below this, there are options for 'PAPPÍR' (Paper) and 'Pappírastærð' (Paper size) set to 'A1'. There is also a 'Pappírshvælt' (Paper weight) set to '80g' and 'Bláðsíðu fjöldi' (Number of pages) set to '1 bls.'. At the bottom, it shows 'ÁRTIÐ VERÐ' (Annual price) as '0 KR.' and a 'Veita' (Offer) button.


# NÝ VEFSÍÐA KOMIN Í LOFTIÐ!

[www.postdreifing.is](http://www.postdreifing.is)



## JÚLÍ TILBOÐ!

Á handhægan hátt getur þú kannað verð eða fengið tilboð á fjölpóstdreifingum á nýjum vef Póstdreifingar.



## REIKNIVÉL

Reiknaðu út dreifingarverð á fjölpósti með nýrri reiknivél Póstdreifingar.



## KORT

Kort sem tengt er við reiknivélina sýnir hvaða svæði eru valin.



Í EPAL Eyjólfrur Pálsson segir að það hafi komið sér vel í hruninu að hafa hátt eiginfjárlutfall. Þannig mátti takast á við þá erfiðleika sem blöstu við. En hann hafði líka byggt upp gott samband við birgja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hefur þrisvar greitt arð á 40 árum

Eyjólfrur Pálsson, stofnandi Epal, byrjaði verslunarrekstur í ferðatösku en hefur nú rekið fyrirtæki sitt í 40 ár. Hann segir mikilvægt að byggja upp sterkt eigið fé. Hann segir það ekki vera aðalatriði að stækka fyrirtækið heldur að eiga ánægða viðskiptavinum sem koma aftur.

Fjörutíu ár eru liðin frá því að Eyjólfrur Pálsson opnaði verslun sína Epal. Eyjólfrur er lærður húsgagnaarkitekt frá Danmörku. Þegar hann kom til landsins að loknu námi fór hann að vinna á teiknistofu. Honum fannst vanta ýmislegt hér sem hann sá að hann gæti flutt inn. Hann venti því kvæði sínu í kross og hóf innflutning. Hann byrjaði reksturinn með einni ferðatösku, en fyrsta verslunin var svo opnuð á Hrísteigi í Reykjavík árið 1977.

Eyjólfrur segist ekki hafa fundið mikla eftirspurn eftir vörum í fyrstu. Skilningurinn á hönnun hafi ekkert verið orðinn mjög mikill á þessum tíma. Hann hafi því þurft að hafa fyrir því að kynna vörur sínar. Þegar á leið fór þó að myndast eftirspurn.

*Hvað varð til þess að áhuginn á hönnun fór að aukast?*

„Íðnskólinn í Reykjavík fer að kenna fornám og þá eru allir sem eru í því og allir sem eru í tengslum við þá jákvæðir. Svo byrjar Listaháskólinn að útskrifa vöruhönnuði og arkitekta og þá stækkar hópurinn enn þá meira og jákvæðnin verður enn þá meiri,“ segir Eyjólfrur.

Eyjólfrur segist alltaf fara á útskriftarsýningar vöruhönnuða og vera upptekinn af því að menn geri verk sem hægt er að selja. „Það lifir enginn vöruhönnuður ef hann getur ekki selt það sem hann er að gera. Ég horfi rosalega stíft á það þannig,“ segir Eyjólfrur.

*Ef þú horfir yfir þessi 40 ár,*

*geturðu lýst þeirri þróun sem hefur verið í þessum geira?*

„Er það ekki almennt bara í fyrirtækjum á Íslandi að flest þeirra ganga alveg þokkalega og skila einverjum hagnaði? Þá er endalaust verið að tæma þau af hagnaðinum, borga arð, þannig að þau verða hálfmáttlaus,“ segir Eyjólfrur. Hann hafi lagt áherslu á að gera þetta ekki. Árið 2008, þegar kreppan skall á, og í fyrri niðursveiflum hafi fyrirtækið haldið velli. Eyjólfrur segir að Epal hafi einungis greitt eigendum sínum þrisvar sinnum arð á fjörutíu árum. „En flest árin er hagnaður. Hann er bara inni í fyrirtækinu og þá verður fyrirtækið með sterka innviði, mjög gott eigið fé. Þannig að það nær sjálft að vinna úr þessum áföllum sem koma.“

Þá segir Eyjólfrur að það hafi verið gæfa sín að gera sér grein fyrir því að hann er ekki sérfræðingur á öllum sviðum. Hann hafi til dæmis haft sama fjármálaráðgjafann, Jón Heiðar Guðmundsson, í 30 ár. „Ef ég ætla að gera eitthvað sem kostar peninga þá ræði ég það við hann Jón og hann skoðar það. Stundum segir hann nei og þá er það yfirleitt ekki gert. En stundum langar mig rosalega mikið til að gera eitthvað og þá verð ég að velja því aftur fyrir mér og bera það undir hann.“ Þannig sé því farið með fleiri þætti sem tengjast rekstrinum. „Ég vil bara vanda það sem ég er að gera. Sumir eru að baksa við það að gera sínar auglýsingar sjálf-

ir. Við erum með góða fagmenn í því. Við erum með góða fagmenn í öllu sem við erum að gera og þannig verðum við langbest.“

Rúmlega 20 manns starfa hjá Epal í þremur verslunum. Höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni og svo er verslun í Hörpu. Svo var verslun í Leifsstöð en Epal fékk ekki að halda plássinu þar og því var opnað í Kringlunni. Eyjólfrur telur að menn hafi ef til vill ekki áttað sig á því að það þurfi að vera verslun með íslenska hönnun í flugstöðinni. „Ég held reyndar að allir séu búnir að uppgötva það núna, þó að þeir hafi ekki uppgötvað það áður. Þannig að ég vona að menn séu að skoða málið og reyna að finna eitthvað út úr því. Ef það eru einhverjir betri í því en Epal, þá er það bara gott mál. En aðalmálið er að það sé bara íslensk hönnun þar,“ segir Eyjólfrur.

Eyjólfrur segir að það sé ekki aðalatriðið fyrir sig að Epal stækki. Aðalatriðið sé að vera með góðan rekstur og ánægða viðskiptavinum. „Því annars verða fyrirtæki ekki 40 ára,“ segir Eyjólfrur. Hann segir að það gleði sig að sjá börn og barnabörn þeirra sem versluðu við Epal á fyrstu árunum koma í verslunina.

Eyjólfrur segir að eftirspurnin eftir vörum úr Epal hafi verið mikil í aðdraganda hrunsins. Veltan féll svo um helming í hruninu. Þá hafi komið sér vel að vera með hátt eiginfjárlutfall, að eiga húsnæðið sem verslunin var í og að hafa velviljaða

birgja. „Um hálfum mánuði eftir að kreppan skall á var ég kominn til Kaupmannahafnar. Birgjarnir eru flestir danskir, eða að stórum hluta. Við funduðum með þeim og með fjármálaráðgjafanum og allir tóku okkur rosalega vel,“ segir Eyjólfrur. Epal hafi hvergi komið að lokuðum dyrum. Það skipti máli fyrir fyrirtækið að eiga áratugalanga viðskiptasögu.

*En er salan farin að aukast aftur?*

„Já, já, hún er bara dúndrandi fín,“ segir Eyjólfrur og bætir því við að salan verði betri núna í ár en hún var fyrir hrun. „Ástandið á Íslandi hefur lagast rosalega og aukinn skilningur. Svo líka þegar það kemur svona kreppa þá ræðir maður við núverandi birgja og biður þá um að aðstoða sig við að gera betur. Svo finnur maður nokkra nýja birgja sem hafa komið inn á heimsmarkaðinn, sem eru með dúndrandi fínar vörur sem uppfylla þær kröfur sem við gerum og eru með fínt verð. Þannig getum við náð þeirri markaðshlutdeild sem við erum með í dag,“ segir Eyjólfrur.

Það vakti athygli þegar Listasafn Reykjavíkur var með nokkrar eftirlíkingar af Sjöum, stólum sem hannaðir eru af Arne Jacobsen, í húsakynnum sínum. Eyjólfrur hefur umboð fyrir stólana hér. Hann hafði samband við Listasafnið og gerði athugasemd. Hann ræddi svo við framleiðandann og Epal og framleiðandinn ákváðu í sameiningu að

„Ég held að ég hafi lagt mig mikið fram um að það væri ekki verið að selja kópíur á Íslandi.“

gefa Listasafninu 25 Sjöur.

*En er fölsun stórt vandamál?*

„Hún hefur verið það. Danir hafa unnið rosalega vel í þessu. Þar hafa framleiðendur sameinast gegn þessu,“ segir Eyjólfrur. Hann segir það mjög sterkt þegar framleiðendur standi saman gegn sölu á eftirlíkingum. „Ég held ég hafi lagt mig mikið fram um að passa það að það væri ekki verið að selja kópíur á Íslandi,“ segir Eyjólfrur. Hann segist fá fullt af ábendingum um eftirlíkingar gegn loforði um nafnleynd.

Eyjólfrur segir að Epal ætli að nýta allt árið í að fagna afmælinu. „Þannig að það verða ýmsar uppkomur á þessu ári,“ segir Eyjólfrur. Hann bendir á að Sigurjón Pálsson hafi gert afmælisflug sem margir hafi séð. Það sem færri viti er að Sigurjón gerði annan fugl sem kynntur verður í september eða október. Það er lund. „En ég kalla þetta lunda í öðru veldi. Þetta er flottur lund og það er full ástæða til að upphefja lundann,“ segir Eyjólfrur. En hann segist jafnframt setja fyrirvara við kínversku tuskulundana sem seldir eru í verslunum hér á landi.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÆVINTÝRAFERÐ Á STÓRKOSTLEGUM SLÓÐUM

Örvar Steinbach fór í fjögurra mánaða reisu um Suður-Ameríku og lenti í mörgum skemmtilegum ævintýrum. Ferðin var einstök lífsreynsla. Síða 2

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát  
Stórt op > auðvelt að hlaða  
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur  
heitt og kalt vatn Afkastamikill  
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**BESTI  
BAÐSTAÐURINN**  
Potturinn á Laugarhóli í Bjarnarfirði er  
upphaldsbaðstaður  
Mugison.  
NORDICPHOTOS/GETTY

## UPPÁHALDSSTAÐIR TÓNLISTARMANNSINS

**GOTT ÍSLAND** Borgarfjörður eystri er upphaldsbær tónlistarmannsins Arnar Elíasar Guðmundssonar, eða Mugison. Best þykir honum að baða sig í pottinum á Laugarhóli að vetri til. Mugison svarar nokkrum spurningum.

**S**kálavík vestan við Bolungarvík er minn upphaldsstaður," svarar Mugison. „Áfi minn í föðurætt ólst þar upp og ég heyrði einhvern tíma í sjónvarpinu að í gamla daga hefði víkin verið kölluð Heimsendi, það fannst mér afar ljóðrænt. Við fjölskyldan förum oft í Skálavík á sumrin. Þar er skemmtilegur hylur í ánni sem gaman er að hoppa í og láta sér verða skítkalt.“

### Skemmtilegasta gönguleiðin?

„Það er leið sem er kölluð Kapteinsleiðin og er slóð í Álftafirðinum sem liggur meðfram fjörunni, út á Langeyri og til baka. Leiðin er nefnd í höfuðið á hundinum Kapteini og er um einn og hálfur kílómetri að lengd.“

### Flottasta tjaldsvæðið?

„Tjaldstæðið hjá henni Stellu í Heydal. Það er næs staður með hestum, talandi páfagauki og haltrandi ref. Þar eru heitir pottar sem Stella hefur búið til sjálf.“

### Upphaldsbærinn?

„Borgarfjörður eystri er í miklu upp-

áhaldi og sveitungar mínir hér í Súðavík verða sjálfkrafa pirraðir því ég er alltaf að bera Súðavík saman við Borgarfjörð eystri eins og þar sé Paradís.“

### Upphaldsbaðstaðurinn?

„Þeir eru margir góðir og við stúderum þá fjölskyldan. Potturinn á Laugarhóli í Bjarnarfirði að vetri til er mesta snilld sem ég veit um. Það er náttúrulaug og á veturna verður íshella meðfram henni og allt verður eins og í ævintýri. Manni líður eins og maður sé kominn í Game of Thrones eða Hobbittann.“

### Besta vegasjoppan?

„Hamborgaralúgan Já Sæll, Fjarðarborg á Borgarfirði eystri.“

### Finnst þér fjölgun ferðamanna góð eða slæm þróun?

„Við verðum minna vör við þetta hér fyrir vestan. Sumir láta það pirra sig að búa í Disneylandi 101. En mér finnst þetta næs, er mikill kaffidrykkjumaður og núna er hægt að fá úrval af góðu kaffi úti um allt land.“



**MUGISON** Hann hefur ferðast víða um land og finnst margir staðir vera frábærir.

Eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum

Túrmerik  
95% Curcumin

20%  
afsláttur



„Undraefnið“  
frá Natures aid

Getur haft góð áhrif á  
bólgu, blóðrás, minni og  
blóðsykursjafnvægi.

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

ÞESSI GÖMLU GÓÐU  
Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960-1985

GULL  
BYLJAN

Vertu laus við  
LIÐVERKINA



NUTRILENK™  
GOLD

Laus við verki  
vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér á að hyggja betur að lífsstílnum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“



Hinrik Ólafsson; leikari,  
kvikmyndagerðarmaður  
og leiðsögumaður

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is

# EINS OG KÓNGAR Á KÚBU

**ÆVINTÝRAFERÐ** Örvar Steinbach lenti í ýmsum ævintýrum í fjögurra mánaða reisu sinni um Suður-Ameríku. Meðal annars sá hann pýramída og Machu Picchu, fór í köfunarskóla og baðaði sig í ám Amazon-frumskógarins.

Langþráð ævintýraferð Örvars Steinbach um Suður-Ameríku hófst í Mexíkó í febrúar en þangað hélt hann ásamt Aroni Má Ólafssyni, vini sínum. „Ég ákvað að taka pásu frá námi eftir stúdentsinn og það kom ekki annað til greina en að ferðast almennilega áður en ég byrjaði nám í háskóla. Mig langaði að gera eitthvað nýtt sem ekki margir væru búnir að gera og ég sé alls ekki eftir þeirri ákvörðun. Við fórum til Mexíkó, Kúbu, Kólumbíu, Panama, Kostaríka, Perú, Bólivíu, Argentínu, Brasilíu og enduðum þetta svo á tónlistarháttíð fyrir utan Boston og svo loks New York,“ segir Örvar.

## PÝRAMÍÐAR OG AMAZON

Félagarnir prófuðu ýmislegt á ferðalaginu og Örvar á erfitt með að velja eitthvað eitt sem stóð upp úr. Fimm daga fjallganga á Inkaveginum í Perú sem endaði í Machu Picchu var þó klárlega einn af hápunktunum. „Það var rosaleg ferð, við sáum þar um tuttugu mismunandi Inkabyggingar og oft og tíðum vorum við bara eini hópurinn á svæðinu, sextán manns. Svo gerðum við að sjálfsgöngu þetta klassíska líka, fórum í köfunarskóla á Bocas del

Toro í Panama og í brimbretta-skóla í Santa Teresa á Kostaríka. Ég gæti vel ímyndað mér að eyða einu ári í Santa Teresa á brimbretti, það er algjör paradís og öldur alla daga allt árið. Pýramíðarnir í Mexíkó voru svakaleg sjón líka. Einnig fórum við í níu daga inn í Amazon-frumskóginn og það var erfitt en stórkostlegt. Ég hugsa að ég hafi farið í bestu sturtu ævi minnar eftir þá ferð,“ segir hann og brosir.

## SAUÐ UPP ÚR Á FÓTBOLTALEIK

Í Buenos Aires í Argentínu fóru félagarnir á fótboltaleik þar sem erkifjendurnir Boca Juniors og River Plate mættust. Mikill hiti er oftast í stuðningsmönnum beggia liða og þá sérstaklega þegar þessi leikur fer fram. „Seinni hálfleikur náði aldrei að byrja vegna þess að stuðningsmenn Boca spreijudu piparúða á fimm leikmenn River Plate þegar þeir voru á leið inn í klefa og allt var brjáláð. Þetta gerðist svona tíu metrum frá því þar sem ég stóð og það var kallað á óeirðalög-regluna og þyrstur til að reyna að ná stjórn á svæðinu. Við stóðum inni á leikvanginum í einn og hálfan klukkutíma eftir hálfleik þangað til að leikurinn var loks flautaður af. Ég viðurkenni að ég



**Í EYÐIMÖRKINI** Síðasta mánuðinn slóst Hildur Skúladóttir, kærasta Arons, í hópinn. Þau léku sér á dune buggy-bílum í sandhólunum í Perú.

datt aðeins inn í þessa múgæslingu, þar sem ég var klæddur í Boca-treyju og var á aðalsvæðinu þar sem mestu lætin fóru fram. Þetta var svakaleg lífsreynsla!“

## GISTINGARLAUS UM MIÐJA NÓTT Í EYÐIMÖRK

Á ferðalaginu lagði Örvar upp með að vera ekki búinn að kanna staðina sem hann heimsótti áður en hann mætti. „Það var mjög skemmtilegt að mæta á staði sem ég vissi ekki einu sinni að væru til og ég kynnti mér þá bara þegar ég var mættur þangað. Mér brá smávegis þegar ég mætti til Huacachina í Perú eftir tólf tíma rútuförðalag og var staddur í miðri eyðimörk um miðja nótt og ekki búinn að redda gistingu.“



**Á INKASLÓÐUM** Í Perú fór Örvar í fimm daga fjallgöngu sem endaði í Machu Picchu. MYNDR ÚR EINKASAFNI

En það voru samt frábærir dagar sem við eyddum þar við að leika okkur á dune buggy-bílum í sandhólunum og fórum á snjóþretti niður, ég bjóst engan veginn við að enda á svona staði í þessari ferð,“ lýsir Örvar.



**MAGNAÐ ÚTSÝNI** Félagarnir fóru til Bogotá í Kólumbíu og voru hrifnir af útsýninu sem var stórfenglegt.

sig til og fundu bíl fyrir okkur svo við gætum við farið heim, þeir borguðu farið fyrir fram ásamt því að borga rúðuna líka. Daginn eftir mættu nokkrir þeirra til okkar upp á hótél og keyrðum við á Chrysler '55 árgerð um Havana með þeim og eyddum öllum deginum saman. Þegar við fórum aftur út á lífið næstu helgi og hittum þá var okkur tekið eins og kóngum. Það kvöld brotnaði önnur rúða og enn og aftur borguðum við ekki. Ég get svo svarið það, rúðurnar á Kúbu eru greinilega mjög viðkvæmar!“ segir Örvar og hlær.



**MEÐ FÓTBOLTAÐDÁENDUM** Örvar fór á leik Boca Juniors og River Plate. Allt sauð upp úr á vellinum og var seinni hálfleikur flautaður af.



**REKSTRARLAND** býður upp á hágæðavörur við þvagleka sem samþykktar eru af Sjúkratryggingum Íslands

Í **Rekstrarlandi** aðstoða sérfræðingar okkar við rétt val á hjálparvörum við þvagleka en ávallt er um einstaklingsbundnar lausnir að ræða.

Eitt mesta úrval af hjálparvörum sem í boði er við þvagleka er frá hinum vandaða danska framleiðanda Abena. Vörurnar fást í öllum stærðum og gerðum og búa yfir rakadrægni sem hæfir hverju tilfelli fyrir sig þannig að auðvelt er að finna lausn sem hentar hverjum og einum.

Abena vörurnar eru flestar umhverfisvænar og framleiddar með það að markmiði að auka á þægindi notenda. Þær eru mjúkar viðkomu, þægilegar og umfram allt lítt áberandi.



**Skirteinishafar geta nú leitað beint til Rekstrarlands til þess að fá slíkar vörur afgreiddar auk þess sem við sjáum um að koma vörunum heim til notenda án aukakostnaðar.**



Upplýsingar fást  
í síma 515 1100 eða á  
heilbrigdi@rekstrarland.is.



**REKSTRARLAND**  
- léttir þér lífið



**Meiri verðlækkun!  
Nú **50%** afsláttur  
af öllum fatnaði og  
skóm!**



**Þýskur gæðafatnaður**



**FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!**

*hjá Grafnhildi*

 Vertu vinur okkar á Facebook

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- [www.hjahrafnhildi.is](http://www.hjahrafnhildi.is)

## BÍLAR & FARARTÆKI

### Bílalíf



#### KYNNINGARVERÐ 1.990PÚS

Niewiadow hjólhýsín hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært kynningarverð á nýjum hjólhýsum aðeins 1.990þ!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Erum með hjólhýsín á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

#### Bílalíf

Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opíð 10-18 virka daga  
www.bilalif.is



#### KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net

## STÓRA BÍLASALAN

Óskum eftir bílum á staðinn.

Mikil sala.



Hyundai IX35 Dísel - Nýr bíll Árgærd 2015. 4x4. Sjálfsk. Hiti í öllum sætum. Bakkskynj. O.m.fl.. Er á staðnum. Verð 5.490.000kr. Raðnr 157398. Sjá nánar á www.stora.is.



Hyundai i30 Comfort - Nýr bíll. Árgærd 2014. Dísel. Sjálfskiptur. Hiti í sætum. Loftkæling o.fl.. Er á staðnum. Verð 3.590.000kr. Raðnr 134846. Sjá nánar á www.stora.is.

Stóra bílasalan  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
http://www.stora.is



#### SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR

Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
suzuki@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is



SUBARU Outback lux. Árgærd 2014, ekinn 78 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.980.000.- Flottur bíll

#### MB Bílar

Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík  
Sími: 415 1150  
Opíð 10-18, lau 12-16  
http://www.mbbilar.is



## HÖFÐABÍLAR



BMW 3 320d. Árgærd 2010, ekinn 138 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.750.000. Áhvílandi 2,5. Rnr.129746.



VW Golf Gtd. Árgærd 2012, ekinn 75 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.350.000.170 hp. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Rnr.221072.

Höfðabílar  
Fossháls 27, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
www.hofdabilar.is

## GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



AUDI A3 sedan 140 hö. Árgærd 2013, ekinn aðeins 19 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.690. Lýtur út eins og nýr !!! Rnr.114788.



MAZDA 3 vision. Árgærd 2014, ekinn 16 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.580. Flottur og vel með farinn Rnr.114796.



TOYOTA Corolla. Árgærd 2009, ekinn 82 PKM, bensín, 5 girar. Verð 2.100. Rnr.330238.



VW Polo comfortline. Árgærd 2007, ekinn 118 PKM, bensín, 5 girar. Verð 890. Ný tímareim Rnr.330269.



PORSCHE Boxster s convertible. Árgærd 2006, ekinn 67 PKM, bensín, 6 girar. Verð 5.980. Flottur og vel með farinn Rnr.114771.



LEXUS Gs300 exe. Árgærd 2005, ekinn aðeins 86 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390. Rnr.210718.



LAND ROVER Range rover supercharged. Árgærd 2006, ekinn 112 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.900. Mjög vel með farinn Rnr.330230.



AUDI Q5 tdi. Árgærd 2013, ekinn 20 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.790. Umboðsbíll og mjög vel með farinn Rnr.114706.



TOYOTA Land cruiser 200 vx „35“. Árgærd 2008, ekinn 110 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.850. Mjög fallægur og vel með farinn Rnr.114304.



PORSCHE Cayenne diesel. Árgærd 2011, ekinn 63 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.490. Umboðsbíll og mjög vel útbúinn Rnr.112719.

Nýja bílahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.nyja.is



Renault Megane Berlina 6/2014 ek 45 þús km - Dísel - bsk - Ásett verð 2790 þús - Er á staðnum - raðnr 152010.

100 bílar ehf  
í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.  
www.100bilar.is

#### 250-499 þús.



LÍTIÐ KEYRÐUR YARIS!!!  
TOYOTA YARIS 1.0 VVT-I árg'00 ek.134 þús. 3ja dyra, tímakaðja, smurbók, ný smurður, gott viðhald, snyrtilegur smábíll sem eyðir mjög litlu, verð 450 þús möguleiki á 100% vísáláni, s.841 8955



SPARIBAUKUR - 350 PÚS  
VW POLO 1,4 COMFORTLINE árg' 00 ek.152 þús, 5 dyra, beinskíptur, ný skoðaður 16, ný klúpling, flottur bíll sem eyðir litlu, ásett verð 590 TILBOÐ 490 PÚS möguleiki á 100% vísáláni s.841 8955



FLOTTUR SPARIBAUKUR - TILBOÐ 490 PÚS  
PEUGEOT 206 árg 2003 ek.123 þús, 5 dyra, beinskíptur, ný skoðaður 16, ný klúpling, flottur bíll sem eyðir litlu, ásett verð 590 TILBOÐ 490 PÚS möguleiki á 100% vísáláni í 36 mán s.841 8955

#### Bílar óskast

#### BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.

Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

#### Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

#### Húsbílar



Fiat húsbíll til sölu. Árg .06. Ek. 28.000. Hlaðinn aukahlutum. Kr. 4.750.000. S. 893-4590

#### Hjólhýsi

Tabbert Davinci 525 skráð 11/2006. Nýleg sólar, og rafg. Fortjald. V. 2.950.-þús. Uppl. í s. 869 8111

#### Fellihýsi



Flagstaff 10 F 2008. Með geymsluhlófi Wc, heitt vatn, hiti í dýnum, grjótrind, markísa Ísskápur, Mjög vel með farið V 1.380.00.- S.8942841

#### Notaðir ferðavagnar á



#### Bátar



HEIMAVÍK 20 ÁRA.  
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is



#### GJÖF EN EKKI SALA:

Trilla í góðu standi. Verð aðeins 1500þ. uppl. 820-5181

#### Bílaþjónusta



Malbiksviðgerðir - máln bílastæða - vélsúpun - skilti www.verktak.is S: 5514000

#### Hjólbarðar



#### FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

#### Varahlutir



#### FELGUR

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

## PJÓNUSTA

#### Pípulagnir

#### PÍPULAGNIR


Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s.663 5315.

#### ÁRATUGA REYNSLA

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

#### Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevígillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

#### HREINVERK

Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

#### Garðyrkja



# Eiginmaðurinn er myndarlegri í eldhúsinu

**Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir er nýr sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst. Hún telur að reynsla sín úr réttarkerfinu nýtist vel í nýja starfinu. Þorbjörg nýtur sumarsins í Frakklandi.**

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir hefur verið ráðin sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst. Hún er aðstoðarsaksóknari hjá embætti ríkissaksóknara, þar sem hún hefur starfað í tvö ár. Hún vann áður sem aðstoðarmaður dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur og hefur einnig starfað við saksókn fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Þorbjörg lauk laganámi frá Háskóla Íslands og LL.M.-gráðu frá Columbia-háskóla í New York árið 2011.

Þorbjörg segir að reynslan úr starfi sínu í réttarkerfinu muni nýtast í nýja starfinu. „Í málfutningi er ákveðin þungamiðja starfsins að greina kjarna máls og rökstyðja niðurstöðuna að því loknu. Góður lögfræðingur þarf að geta fært rök fyrir máli sínu munnlega og skriflega,“ segir Þorbjörg. „Það var jafnframt dýrmat reynsla að upplifa kennsluna í Columbia. Mark-



**FER Á BIFRÖST**  
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir hefur starfað hjá Ríkissaksóknara í tvö ár. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

miðið var að kenna laganemum að beita þekkingu og mikil áhersla var lögð á raunhæf verkefni fremur en hefðbundna fyrirlestra. Þá var mikil áhersla lögð á samspil lögfræði við aðrar fræðigreinar.“

Starf sviðsstjóra er starf við stjórnun og stefnumótun lagadeildarinnar og yfirumsjón með námskeiðum. Þorbjörg segir að námið í

lagadeildinni á Bifröst sé mjög spennandi og að til standi að halda uppbyggingunni áfram. Deildin hafi undanfarið markað sér sérstöðu með nútímalegum kennsluháttum og sterkum alþjóðlegum tengslum og nú með því að boðið verður upp á laganám samhlíða vinnu og laganám í fjarkennslu. Nemendum sé að fjölga mikið. Þorbjörg segir að fyrir sér sé lögfræði ekki einungis atvinna heldur líka mikið áhugamál. „Lögfræðin hefur opnað á skemmtileg störf og tengist öllum hliðum samfélagsins og fléttast inn í allt daglegt líf,“ segir hún.

Utan vinnu finnst Þorbjörgu skemmtilegt að bjóða fólki heim í mat. Þorbjörg er gift Ágústi Ólafi Ágústssyni, lögfræðingi og hagfræðingi. „Undanfarið hefur hann verið myndarlegri en ég í eldhúsinu en ég hef verið hjálparhella og er dugleg að klára matinn minn,“ segir Þorbjörg. „Við höfum mjög gaman af því að fá vini heim í mat.“ Þorbjörg byrjar í nýja starfinu þann 1. ágúst. Næstu dagana verða Þorbjörg og fjölskylda hennar aftur á móti í sumarleyfi í París. Fjölskyldan skipti á húsum við franska fjölskyldu. „Við hlökkum til að endurnýja kynnin við sólna,“ segir Þorbjörg. jonhakon@frettabladid.is

## MEÐ MIKINN ÁHUGA Á KONUNGSFJÖLSKYLDUM



Stórvinkona mín og nafna er skarpgreind og metnaðarfull. Hún er sérlega rökföst og kemur hratt með greiningu á málum. Hún er framúrskarandi saksóknari í erfiðum málum og á framtíðina fyrir sér! Fyrst og fremst er hún fátíðleg myndin og mikill grallari – stundum sér maður hreinlega á augunum á henni að eitthvað stórsniðugt er á leiðinni. Henni annað starf gæti hæglega verið uppistand. Hún og Ágúst eru miklir sálufélagar og fjölskyldufólk og eiga ógrynni af góðum vinum. Obba er traust vinkona og næm á tilfinningar og persónuleika. Skrýtna hlið Obbu er óeðlilegur áhugi á konungsfjölskyldum, og þá sérstaklega þeirri sænsku.



Obba er mjög traustur vinur. Hún liggur ekki á skoðunum sínum og sér spaugilegu hliðarnar á öllu, bæði sínum nánustu og ýmsu í þjóðfélaginu. Þessi leiftrandi kímni er kannski helsta einkennið. Hún hefur líka þennan fallega eiginleika að laða fram það besta í öðrum. Hún er alls ekki athyglissjúk en verður samt fljótt þrímusmótórinn í öllum samræðum, svo fróð og vel lesin sem hún er. Það er enda mikil samkeppni á milli hennar mörgu vina um að fá hana í mat eða hitta hana í drykk. Það er gaman að sjá alla bestu kosti Obbu birtast í þremur dætrum hennar. Yngsta er prakkarinn, sú í miðri er félagslynda gáfnaljósið og sú elsta umhyggjusama mamman. Saman eru þær Obba í hnotskurn.

Andrés Jónsson almannatengill.



Sérfræðingar í flugöryggi gagnrýnda ráðningarskilmála flugmanna:

## Hótað málsókn fyrir gagnrýni á Ryanair

Sérfræðingar sem hafa gagnrýnt starfsaðstæður hjá írsku flugfélaginu Ryanair fengu á dögum bréf frá flugfélaginu. Í bréfinu er sérfræðingunum hótað málsókn vegna gagnrýni þeirra.

Sænska ríkisútvarpið greindi frá því að sérfræðingarnir hefðu gefið skýrslu fyrir Evrópuþinginu um öryggismál hjá Ryanair. Þeir sögðu að ráðningarskilmálar hjá flugfélaginu gætu stefnt öryggi starfsmanna í hættu vegna þess að flugmenn sem ekki eru fastráðnir eru líklegir til þess að taka meiri áhættu. Þeir eru til dæmis líklegri til þess að vinna þótt þeir séu veikir eða þreyttir.

Eftir að hafa tjáð sig fengu

sérfræðingarnir, sem þó hafa ekki látið nafn sitt uppi, bréf frá Ryanair. Þar var þeim hótað því að ef þeir myndu nokkurn tímann endurtaka þessa gagnrýni þá myndi Ryanair stefna þeim fyrir ummæli þeirra.

Það var hollenski Evrópuþingmaðurinn Wim van de Camp sem sagði frá bréfinu með hótunum. Hann segir að það hafi verið sex útgáfur af bréfinu. Hann óttast að afleiðingin verði sú að það verði erfiðara að fá sérfræðinga til að tjá sig fyrir Evrópuþinginu ef fyrirtæki ráðast á sérfræðinga með þessum hætti. Það geri lýðræðislega stöðu Evrópuþingsins mun flóknari.

-jhh

# Gullverð tók dýfu

**Umræða um vaxtahækkunir í Bandaríkjunum dregur úr áhuga fjárfesta á gulli.**

Verð á gulli hefur ekki verið lægra í fimm ár. Ástæðan er sú að umræðan um vaxtahækkun í Bandaríkjunum hefur orðið hvati fyrir fjárfesta til að selja málminn. Verð á gulli var á mánudagsmorgun 1.088 dalir á únsuna. Það er í fyrsta sinn frá árinu 2010 sem verðið fer niður fyrir 1.100 dali.


Í stað gullsins kaupa fjárfestar Bandaríkjadal, í þeirri trú að seðlabankinn hækki vexti vegna batamerkja í bandaríska hagkerfinu, en fjárfestar kaupa vanalegast gull á óvissutímum. Verð á platinu málmli féll líka um fimm prósent í upphafi vikunnar og hefur ekki verið lægra síðan alþjóðakreppan skall á árið 2007.

Evan Lucas, markaðssérfræðingur hjá IG miðlurum, sagði að þessi lækkun á gulli gæti endað með því að verðið verði komið niður í 1.000 á únsuna í lok ársins. „Það eru engir skýrir hvatar fyrir fólk til þess að kaupa það,“ sagði hann. Ein ástæðan sem nefnd hefur verið er að þegar vextir hækka og kostnaðurinn við að taka lán verður meiri þá horfa menn síður til gullsins. Gullið gefur nefnilega ekki af sér ávöxtun eins og verðbréf gera.

Þetta verðfall varð þrátt fyrir að kínversk stjórnvöld, sem er stærsti kaupandi á gulli, hafi greint frá því á föstudaginn að gullbirgðirnar hefðu verið um 57 prósentum meiri í lok júní en þær voru fyrir rúmum sex árum.

Ástæðan er líklegast sú að þótt gullforði Kínverja sé meiri nú í tonnum talið er aukning á gullbirgðum Kínverja þó minni en sérfræðingar bjuggust við. Gull er núna 1,65 prósent af erlendum eignum kínverska ríkisins, en var 1,8 prósent í júní 2009.

Janet Yellen, aðalbankastjóri seðlabanka Bandaríkjanna, sagði í skýrslu til fjárlaganefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings í síðustu viku að peningastefna



**GULL Í GEYMSLU** Fyrirhugaðar stýrivaxtahækkunir draga úr spurn eftir gulli.

NORDICPHOTOS/GETTY

„Það eru engir hvatar fyrir fólk til þess að kaupa það.“


seðlabankans hefði ekkert breyst á undanförmum vikum. Bankinn vænti þess enn að stýrivextir yrðu hækkaðir síðar á árinu, að því gefnu að hagvöxtur yrði í takt við væntingar. „Þegar horft er til framtíðar þá er útlit fyrir jákvæða þróun á atvinnumarkaðnum og í efnahagslífinu í víðara samhengi,“ sagði Yellen við þingnefndina.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að seðlabankinn eigi að bíða til næsta árs með að hækka vexti. Nokkrir úr bankastjórn seðlabankans eru sammála. Yellen sagði hins vegar í gær að stefna meirihluta bankastjórnarinnar hefði ekki breyst.

jonhakon@frettabladid.is

## Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu



Ný vefverslun: [www.donna.is](http://www.donna.is)  
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

**Donna**

Sími 555 3100 [www.donna.is](http://www.donna.is)

Uppbygging innviða í ferðaþjónustu er mikilvægasta verkefni stjórnvalda:

## Ekki sofna á verðinum

Flöggjafinn klárar ekki lagabreytingar til að styrkja innviði ferðaþjónustunnar strax í haust gætum við horft fram á óbætanlegt tjón í mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.

Í skýrslu greiningar Íslandsbanka um ferðaþjónustuna, sem kom út í mars á þessu ári, kemur fram að greining bankans áætli að þriðjung hagvaxtar á Íslandi frá 2010 megi rekja til ferðaþjónustunnar. Árið 2014 var ferðaþjónustan öflugasta útflutningsgrein þjóðarinnar (útflutningur í formi seldrar þjónustu) annað árið í röð. Greiningin áætlað að gjaldgæðistekjur ferðaþjónustunnar verði 342 milljarðar króna á þessu ári, sem er tæplega þriðjungur af heildargjaldgæðistekjum þjóðarþúsins vegna seldrar vöru og þjónustu. Frá 2010 hefur störfum í íslensku hagkerfi fjölgað um 10.300 og eru 4.600 þeirra sem sinna þessum störfum starfandi í flutningum með flugi, á ferðaskrifstofum og í rekstri gisti- og veitingastaða. Það má því rekja um 45 prósent af fjölgun starfa beint til vaxtar í ferðaþjónustu á tímabilinu.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@stod2.is

**Ísland er stórt land og það getur tekið á móti miklu fleiri ferðamönnum.**

Eins og ég hef áður fært rök fyrir á þessum vettvangi eru of fáir ferðamenn á Íslandi og mikil tækifæri til að fjölga þeim. Ísland er stórt land og það getur tekið við miklu fleiri ferðamönnum. Ef spár ganga eftir mun fjöldi ferðamanna nema tveimur milljónum árið 2020. Það mun þýða 100 milljarða króna tekjur fyrir ríkissjóð í formi skatta og þjónustugjalda. Vandamálið við þennan vöxt er að stjórnvöld hafa ekki skapað tekjuöflunarleiðir til eflingar innviða til að mæta honum með uppbyggingu á ferðamannastöðum svo hægt sé að taka við þessum fjölda. Einstaka styrkir ríkisstjórnarinnar hér og þar til að bjarga sér fyrir horn, til dæmis með 850 milljóna króna framlagi í maí, duga ekki til. Það þarf stöðuga tekjustofna í formi skatta.

Það hvaða leið er farin til að afla tekna til uppbyggingar skiptir ekki máli. Lykilatriðið er að finna tekjuöflunarleið og nota hana. Það veldur mér áhyggjum að ekki hafi tekist að ljúka frumvarpi um náttúrupassa á síðasta þingi. Ég veit ekki hversu vel meðvitaðir þingmenn eru um mikilvægi þessarar atvinnugreinar fyrir þjóðarbúið eða hversu mikilvægt það er að tryggja fjármögnun fyrir innviðauppbyggingu á vinsælum ferðamannastöðum. Ég ber virðinguna fyrir þingmönnum og það er leiðinlegt að berja á þeim en það er eins og hluti þingflokks Sjálfstæðisflokksins hafi týnt sér í einhverri frjálshyggju í stað þess að hugsa um heildarhagsmunina, hagsmuni þjóðarþúsins, í málinu. Það er í raun óskiljanlegt að þingflokkurinn hafi ekki fylkt sér að baki ráðherra málaflokksins í stuðningi við frumvarpið um náttúrupassann. Á sama tíma undirstrikar lítill stuðningur við frumvarpið pólitískan vana mátt ráðherrans, Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Og það hlýtur að vera alvarlegt umhugsunarefni fyrir hana.

Það þarf líka að fjölga iðnlærðum í þjónustugreinum til að mæta þörfum og eftirspurn vegna vaxtar ferðaþjónustunnar. Þetta hafa stjórnendur stærstu fyrirtækja í hótélgeiranum ítrekað bent á. Ráðherra menntamála þarf að hafa þetta hugfast.

Ef stjórnvöld fara ekki að forgangsraða í þágu ferðaþjónustunnar er hætt við því að orðspor ferðaþjónustunnar erlendis verði fyrir óbætanlegum skaða með tilheyrandi tjóni fyrir þjóðarbúið.

Ef það verður niðurstaðan verður mannasaur á Þingvöllum ekki helsta áhyggjuefnið okkar, langt því frá. Látum það ekki gerast.


## Franskir bændur mótmæla háu matarverði



**ÓSÁTTIR BÆNDUR** Það voru mótmæli við A84-veginn nærri franska þorpinu Breteville-sur-Odon, sem er skammt frá bænum Caen, í gær. Bændur eru ósáttir við hátt verð í stórverslunum og í gær lokuðu þeir fjórum aðalæðunum inn í Caen. Þeir kröfðust þess að ná tali af landbúnaðarráðherra. Einn þeirra gaf sér tíma til að kíkja á símann sinn á meðan á mótmælunum stóð.

NORDICPHOTOS/AFP

## Aldrei meira fjármagn til uppbyggingar



Ragnheiður Elín Árnadóttir  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Uppbygging á ferðamannastöðum er eitt af brýnustu verkefnum sem við stöndum frammi fyrir. Um þetta viðfangsefni hefur mikið verið fjallað á undanförunum árum sem kemur ekki á óvart, enda höfum við séð þreföldun í komu ferðamanna hingað til lands á síðastliðnum áratug og ekki náð að byggja upp innviði í takt við fjölgunina.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur starfað frá árinu 2011 og hefur unnið að fjölmörgum verkefnum. Frá upphafi hefur sjóðurinn úthlutað 2.300 milljónum króna, þar af tæpum 1.700 milljónum á tveimur síðustu árum. Til viðbótar við tekjur af gistináttagjaldi, sem ætlað var að standa undir þessari fjármögnun, hefur ríkisstjórnin sett aukalega 1.230 milljónir til þessa mikilvæga málaflokks á síðustu tveimur árum. Mun meira en nokkru sinni fyrr.

Vandinn sem við blasir er margþættur og einskorðast ekki eingöngu við salernismál, sem nú eru mikið til umræðu. Úrbóta er víða þörf til að tryggja vernd

náttúrunnar, öryggi ferðamanna og nauðsynlega innviði til að þjónusta þann mikla fjölda sem sækir landið heim. Frumvarpi um náttúrupassa var ætlað að leysa heildstætt þetta margþætta viðfangsefni sem snýr ekki eingöngu að innviðauppbyggingu heldur að öðrum þáttum eins og öryggismálum.

Ljóst er að málið er á ábyrgð margra aðilaf, ríkis, sveitarfélaga, landeigenda og ferðaþjónustunnar sjálfar. Því er brýnt að allir vinni saman að lausn þessara mála. Á undanförunum mánuðum hefur ráðuneyti mitt í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofu og fleiri unnið að langtíma stefnumótun fyrir greinina í heild. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu og kynna í næsta mánuði. Vel hefur verið til vandað, litið til fordæma erlendis frá og samráð haft við hagsmunaaðila og aðra áhugasama um land allt. Ég bind miklar vonir við þessa vinnu og tel hana nauðsynlega til þess að styðja við áframhaldandi vöxt og framfarir ferðaþjónustunnar.

Ferðaþjónustan er tiltölulega ung atvinnugrein hér á landi í þeirri mynd sem við þekkjum og glímur því kannski við ýmsa vaxtarverki. Salernismálin eru bara einn angi þeirra. Stjórnvöld eru vel meðvituð um það

**“Vandinn sem við blasir er margþættur og einskorðast ekki eingöngu við salernismál, sem nú eru mikið til umræðu.”**

verkefni og því hefur auknu fjármagni verið varið til slíkra verkefna. Má geta þess að yfir 100 milljónum verður varið í að bæta salernisaðstöðu um allt land á þessu ári.

Reyndar er það svo að fleira tefur uppbyggingu en skortur á fjármagn og má þar nefna skipulagsmál og annan undirbúning. Sem dæmi má nefna að af þeim 380 milljónum sem Framkvæmdasjóðurinn úthlutaði sérstaklega vorið 2014, án mótfamlags, liggja tæpar 200 milljónir enn óhreyfðar vegna þess að verkefnum er ekki lokið.

Ferðaþjónustan er gríðarlega mikilvæg atvinnugrein. Verkefnin eru ærin og til þess að ljúka þeim þurfum við samstillt átak. Með öflugri stefnumótun, framtíðarsýn og samvinnu er ég sannfærð um að okkur takist vel til eins og alltaf þegar við stöndum saman.

## Til fjandans með leiðinleg fyrirtæki!

### Hin hliðin

Þórunna K. Jónsdóttir  
MBA



Ég þooooooli ekki leiðinleg fyrirtæki! Það er ekki nokkur einasta afsökun fyrir því að reka leiðinlegt fyrirtæki. Ekki misskilja mig – það þurfa ekki öll fyrirtæki að vera rosa skemmtileg og fyndin (þótt það sé ekki verra) – en öll

fyrirtæki eiga að vera áhugaverð. Af hverju í ósköpunum eigum við að skipta við fólk og fyrirtæki sem eru ekki áhugaverð? Sem hafa ekki eitthvað til málanna að leggja? Sem gera ekki heiminn betri á einhvern hátt? Það er ástæða til að skipta við áhugaverð fyrirtæki og ég mun alltaf kjósa að skipta við þau frekar en önnur.

#### Af hverju?

Í frábærum TEDx-fyrirlestri talar Simon Sinek um að leyndarmálið á bak við öfluga leiðtoga sé að vera með á hreinu af hverju. „Why?“ Af hverju gerir fyrirtækið það sem það gerir? Ekki bara hvað það gerir; ef við skiljum af hverju fyrirtæki gera það sem þau gera og ef það á samleið með

okkur þá viljum við skipta við þau. Ef við höfum góða ástæðu fyrir því sem við gerum, ástæðu sem skiptir fólk máli, þá skiptum við fólk máli. Þá verðum við áhugaverð. Ef ástæðan er einfaldlega að græða peninga, þá skiptir sú ástæða aðra ekki máli – því það gerir ekkert fyrir aðra. Ef þú gerir það sem þú gerir til að gera heiminn betri á einhvern hátt – sama hversu lítinn – þá eru alltaf einhverjir sem vilja vera með þér því þeir vilja það sama og þú. Þínar ástæður eru þeirra ástæður.

#### Tilfinningarnar ráða

Með ástæðu kemur ástríða. Og ástríða er áhugaverð. Ástríða hrífur aðra með sér og laðar fólk að.

Ástríða er tilfinning og vekur tilfinningar og á endanum tökum við ákvörðun byggða á tilfinningu. Alveg sama hvað við gerum, tilfinningar ráða. Leiðinleg fyrirtæki vekja ekki jákvæðar tilfinningar og þar af leiðandi viljum við ekki skipta við þau – nema tilneydd. Að ekki sé talað um að vinna fyrir þau.

Ef þú rekur fyrirtæki, hafðu það áhugavert, hafðu ástæðu og ástríðu fyrir því sem þú gerir. Það verður líka miklu meira gefandi.

Ekki skipta við leiðinleg fyrirtæki. Gerðu kröfu um að fyrirtækin sem þú skiptir við hafi skýran tilgang umfram gróða. Með því móti getur buddan þín átt hlutdeild í að breyta heiminum til hins betra.



# TOSHIBA GAEDI OG HRÖÐ VINNSLA!



FRÁBÆR  
KAUP!

109.995

TOS-L50DB198

## FJÓRIR KJARNAR OG 256GB SSD DISKUR

Kröftug vinnsla og hraði með sprækum fjögurra kjarna A6 örgjörva, 6GB vinnsluminni og hröðum 256GB SSD disk. Öflug grafísk vinnsla með Radeon R4 skjákorti auk Skullcandy vottuðum hátölurum með DTS.



A6 örgjörvi



6GB vinnsluminni



256GB SSD diskur

tl.is



REYKJAVÍK  
SUÐURLANDBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1  
SÍMI 431 3333

## 7,1% HÆKKUN

### Krefjast gagna frá ráðuneytinu

Magnfollur sem lagðir eru á matartolla hækka um 7,1-7,5% milli ára. Þetta kemur fram í bréfi Félags atvinnurekenda til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem krafist er upplýsinga um tollana. Í bréfinu er vísað til upplýsingalaga og farið fram á að ráðuneytið afhendi öll gögn og útreikninga sem liggja að baki þessari tollahækkun, þar með talið afrit af öllum inn- og útsendum erindum og upplýsingum sem aflað var.

17.07.2015 „Þegar við keyptum okkar fyrsta húsnæði tókum við 90% lán. Við áttum nánast ekkert eigið fé. Það þurfti lítið áfall til þess að við stæðum ekki undir afborgunum. Það var reyndar stórt áfall í mínu tilviki, ég missti vinnuna. Maður hugsaði eftir á, kannski átti ég að bíða lengur, leggja fyrir. Við erum að búa til leið fyrir fólk til að leggja til hliðar, en við vitum líka að það er fullt af fólki sem er ekki í stöðu til þess.“

Eygló Harðardóttir,  
félags- og húsnæðismálaráðherra.



## 15 MILLJARÐAR

### Rýr arður af raforku

Þótt ekkert land í heiminum framleiði jafn mikla raforku á mann og Ísland og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í raforkuframleiðslu sé óviðað herra er beinn arður Íslendinga af raforkuframleiðslu rýr. Í nýjum Markaðspunktum Greininga eildar Arion banka er bent á að þetta endurspeglast í því að langstærsti raforkuframleiðandi landsins, Landsvirkjun, hefur í 50 ár greitt samtals um 15 milljarða króna í arð að núvirði.

## STJÓRNAR- MAÐURINN

### Útikamar við Gullfoss

Stjórnarmaðurinn tók á dögum um á móti útlendum vinum sínum. Vinirnir eru vanir ferðalangar og hafa heimsótt Ísland nokkuð oft. Þó aldrei áður yfir háannatíma að sumri til.

Í **ÞETTA SKIPTIÐ** höfðu þeir á orði að hlutirnir væru öðruvísi en áður; meiri mannmörgð í flugstöðinni, uppáhaldshótelid fullbókað og erfiðara að fá leigubíl fyrir utan flugstöðina. Þá fannst þeim herra hlutfall af úlpuklæddum Ameríkönnum í gönguskóm við morgunverðarborðið á hótelinu sem þeir loks fundu. Þeir kipptu sér þó ekki sérstaklega upp við þetta, heldur ypptu öxlum og sögðust geta sjálfum sér um kennt. Þeir höfðu jú valið að koma á háannatíma.

**MARGIR ÍSLENDINGAR** virðast þó ekki nálgast ferðamannaflauminn með jafn stóiskri ró. Lausleg skoðun á fréttamiðlum bendir til að þeir erlendu gestir sem hingað koma geri helst ekki þarfir sínar nema á víðavangi, ferðist ekki nema í rútum sem allt stífla í miðbænum, hendi erlendum gjaldreyri í Peningagjá (stjórnarmaðurinn hélt raunar að það væri jákvætt fyrir gjaldreyrisjöfnuðinn) og strandi í stórum stíl uppi á hálendi með tilheyrandi kostnaði fyrir skattgreiðendur.

**ÁSTANDIÐ** virðist meira að segja orðið svo alvarlegt að vinsælasti vefmiðill landsins býður nú lesendum sínum upp á sérstakan flipa undir fyrirsögninni „Ferðamennska á Íslandi“. Þetta er nýmæli fyrir ferðabjónustuna, en a.m.k. síðan frá bankahruni hefur sjávarútvegurinn verið eini íslenski iðnaðurinn sem skipað hefur sérstakan og sjálfstæðan fréttaflokk í fjölmiðlum.

Í **ÁR** áætla stjórnvöld að ferðamannafjöldi á Íslandi fari í fyrsta skipti yfir eina milljón. Árið 2014 komu tvöfalt fleiri ferðamenn til landsins en árið 2010.

**ÞAÐ** er ekkert óeðlilegt við að ýmsir vaxtarverkir komi upp þegar ferðamannafjöldi tvöfaldast á fjórum árum. Nú er hins vegar tíminn til að bregðast við og styrkja innviðina. Þá blasa áleitnar spurningar við. Er eðlilegt að fólk greiði sérstaklega fyrir aðgang að ferðamannastöðum? Er vit í því að hafa flugvöll sem varla er notaður á besta byggingarlandi í höfuðborginni? Eigum við að leggja lest frá Keflavík? Eiga ferðamenn að taka þátt í kostnaði við björgunaraðgerðir, eða eiga skattgreiðendur að greiða fyrir kamaraðstöðu við Gullfoss?

**ALLT SAMAN** eru þetta, og fleira til, áleitnar spurningar sem fólk verður að mynda sér skoðun á og hafa hugrekki til að íhuga með opnum hug. Þar þýðir ekki að leita sökudólga.

**STAÐAN** er sú sem hún er, og staðreyndin sú að enginn sá fyrir að ferðamannafjöldi myndi tvöfaldast á örskotsstundu.

[@stjornarmadur](https://twitter.com/stjornarmadur)

# REYKJAVÍK GUITARAMA

INTERNATIONAL GUITARFEST  
HÁSKÓLABÍÓ 3. OKTÓBER KL. 20




AL DI MEOLA, ROBBEN FORD  
BJÖRN THORODDSEN, PEO ALFONSI,  
BRYNHILDUR ODDSDÓTTIR OFL.



## Veðurspá

Miðvikudagur

Áfram er búist við norðaustanátt, úrkomu norðan- og austantil en bjartviðri um landið vestanvert. Ekki hlýnar að ráði, og má gera ráð fyrir að hámark nái ekki miklu meira en 15 stigum sunnantil en svalara veður norðanlands.



### Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13°	5°	5°
↘ 3	↘ 5	↘ 4
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
6°	11°	7°
↘ 4	↗ 1	↘ 6

### Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12°	4°	5°
↘ 4	↘ 4	↘ 0
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
7°	11°	6°
↘ 1	↘ 2	↘ 4

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## KROSSGÁTA

### LÁRÉTT

2. óskipt, 6. frá, 8. Mánudur, 9. fax, 11. tveir eins, 12. bæ, 14. drykkjarílát, 16. málmur, 17. vafi, 18. fjör, 20. persónufornafn, 21. einsöngur.

### LÓÐRÉTT

1. afkvæmi, 3. í röð, 4. reiðufé, 5. tala, 7. litur, 10. neitun, 13. gerast, 15. göngulag, 16. svif, 19. bókstafur.

### LAUSN

LÁRÉTT: 2. allt, 6. af, 8. maí, 9. mön, 11. uu, 12. bless, 14. bikar, 16. ál, 17. efi, 18. táp, 20. ég, 21. arja.  
LÓÐRÉTT: 1. lamb, 3. lm, 4. lausafé, 5. tíu, 7. fölbílar, 10. nei, 13. ske, 15. rígs, 16. áta, 19. pl.

## SKÁK

Gunnar Björnsson

Skák Emils Sigurðarsonar (1922) og Stefáns Bergssonar (2063) í áskorendaflokkki var skák hinna glötuðu tækifæra. Stefán missti af laglegri fléttu hér.

Stefán lék 18...Hg6? Mun betra hefði verið 18...Hxe5! 19. fxe5 Hxf3! 20. h3 Hxh3! 21. Dg2 Rxe5! með mun betri stöðu á svartan. Við höldum áfram með skákina á morgun.

www.skak.is: Héðinn í New York.



Svartur á leik

## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frode Øverli

### GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**SPRENGISANDUR ER Í LOFTINU**

SIGURJÓN M. EGILSSON OG UMRÆÐA SEM SKIPTIR MÁLI

SUNNUDAG KL. 10:00 - 12:00

## SUDOKU

LÉTT					MIDLUNGS					PUNG							
9	7	2	5	6	3	6			8	9	2		3	6	4		
	5	6	2		2	4	7	6	9		5		8	5	4	2	6
	6	9	7	4	8		7	1		6						9	
6								7								1	6
3	5	4	1	7	3		5	2	9	8		3				2	9
7			2	3	4		9			3	4	6				3	
	4		6	1						9	3	7	2				4
		9	2	3	7		6	8	4	3	4			9		6	
1		8		7	9	9		5	7	1					8		

2 4 5 9 1 6 3 8 7	2 7 9 5 1 3 6 8 4	3 2 8 5 4 9 7 6 1
1 3 9 8 4 7 2 5 6	1 5 8 2 4 6 3 7 9	4 6 7 1 2 8 5 9 3
6 7 8 3 2 5 4 9 1	6 3 4 7 8 9 2 5 1	5 9 1 3 6 7 2 4 8
3 6 7 1 9 8 5 2 4	5 1 7 4 6 8 9 2 3	1 4 6 9 8 2 3 5 7
4 9 2 5 6 3 1 7 8	3 8 6 9 2 1 7 4 5	7 8 3 6 1 5 4 2 9
5 8 1 2 7 4 9 6 3	4 9 2 3 5 7 8 1 6	9 5 2 4 7 3 8 1 6
7 1 4 6 5 9 8 3 2	7 6 1 8 9 5 4 3 2	2 1 5 7 3 6 9 8 4
8 5 6 4 3 2 7 1 9	8 2 5 6 3 4 1 9 7	8 3 4 2 9 1 6 7 5
9 2 3 7 8 1 6 4 5	9 4 3 1 7 2 5 6 8	6 7 9 8 5 4 1 3 2

### LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



# KOMDU OG UPPLIFÐU ÞJÓÐHÁTIÐ

SMELTU ÞÉR Á  
LAUGARDAGSPASSA

JÚNÍUS MEYVANT · AMABADAMA  
NÝDÖNSK · JÓN JÓNSSON · MAUS

FLUGELDASÝNING  
FM BELFAST

BALL MEÐ SÁLINNI HANS JÓNS MÍNS  
OG INGÓ OG VEÐURGUÐUNUM



MIÐASALA Á DALURINN.IS  
#DALURINN

# Ferðalagið byrjar **Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS**

Myllu heimilisbrauð 770g

**279**  
kr. 770g

**898**  
kr. kg.

RAUÐ KALIFORNÍU VÍNBER  
NÝ UPPSKERA.

**359**  
kr. 10 stk.

BÓNUS Vinarpýlsur  
10 stk 485g

**159**  
kr. 5 stk.

BÓNUS  
Fimm pýlsbrauð

MYLLU MÖNDLUKAKAN

**398**  
kr. 420g

**198**  
kr. stk

AMERÍSKUR Ferskur maís ca.250g

**198**  
kr. 220g

Kjönnafæði  
mexikó pýlsur 220g

**298**  
kr. 4 stk.

Kjönnafæði Pólskar  
kjötpýlsur 360g

**1498**  
kr. kg.

FROSID Lambalæri í  
sneiðum

**198**  
kr. 510ml

Hunts BBQ sósur 510ml.

**259**  
kr. 4 stk.

Bónus nýbakað  
mjúkar kringlur 4 stk.

**298**  
kr. 4 stk.

Bónus nýbakað  
kjallarabollur með osti 4 stk.

**3798**  
kr. kg.

Íslandslamb Lambafillet ferskt ókryddað

**159**  
kr. 4 stk.

Bónus hamborgarabrauð 4 stk

**1295**  
kr. kg.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA  
Lambalæri frosið án  
mjaðmarbeins

**1259**  
kr. kg.

BÓNUS  
Grill grísa kótilettur

**2998**  
kr. kg.

Íslandslamb Lambaprime ferskt ókryddað

**1698**  
kr. kg.


ÍSLANDSLAMB  
Grill-lamba sirloinsneiðar

Verð í þessari auglýsingu  
**Gilda a.m.k. til 26.júlí**



**BONUS** EKKERT BRUÐL

VISA Nýtt VISA



# Ferðalagið byrjar **Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS**

**EUROSHOPPER  
SÚKKULAÐI**  
100 grömm



**98**  
kr.100g



**595**  
4 x 2 ltr.

**Pepsi kippa 4x2 ltr.**



**69**  
kr. 330 ml



**598**  
10 stk. pakking.



Góu þrennan 3 x 200g

**598**  
kr. 10 stk.



**198**  
kr. 250g



**198**  
kr. 300g



VESTLUND Rúllutertur 300 gr

**259**  
kr. 300g

Bónus orkupokinn 300g  
Ómissandi í golfpokann eða í  
fjallgönguna



BBQ sykurpúðar 250g

**259**  
kr. 250g



**359**  
kr. 150g

Butter  
karamellupoppkorn 150g



**198**  
kr. 200g

Big riskökur 200g  
Frábært millimál.



**259**  
kr. 6 stk.

Bónus Kleinuhringir 6 stk



**398**  
kr. 300g

kortatímabil 22. júlí



**BONUS EKKERT BRUÐL**

Verð í þessari auglýsingu  
Gilda a.m.k. til 26.júlí

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**

**Sýningartímar á eMiði.is og miði.is**

**LAUGARÁS BÍÓ**

**miði.is**

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

PIXELS	5, 8, 10:15
ANT-MAN 3D	8, 10:30
SKÓSVAINARNIR 2D	4, 6
MINIONS 2D	4, 6
TED 2	10:35
JURASSIC WORLD 2D	8

**SAMBÍÓIN Sambio.is**

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

PIXELS 3D	kl. 8
PAPER TOWNS	kl. 10:10
ANT-MAN 3D	kl. 10:30
SKÓSVAINARNIR 2D	kl. 8

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

ANT-MAN 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
MAGIC MIKE XXL	kl. 8
TERMINATOR 2D	kl. 10:40
INSIDE OUT 2D	kl. 5:40



**SKILNAÐUR** Jennifer Garner og Ben Affleck eiga þrjú börn. NORDCIPHOTOS/GETTY

## Kæta börnin með hvolpi

Þrátt fyrir að Ben Affleck og Jennifer Garner séu í miðjum skilnaði þá reyna þau að halda góðu sambandi fyrir börnin. Samband þeirra entist í tíu ár og eiga þau saman þrjú börn. Jennifer er um þessar mundir að taka upp kvikmynd í Atlanta í Bandaríkjunum og hafa börnin verið hjá henni á meðan á því stendur. Ben Affleck hefur heim sótt þau á settið en hann er sjálfur að undirbúa útgáfu nýjustu Batman-myndarinnar þar sem hann leikur leðurblökuhetjuna. Á dögnum náðust myndir af honum með Golden Retriever hvolp í fanginu. Talið er að þetta sé gjöf til barnanna til þess að kæta þau á þessum erfiðu tímum.

# Gaman að leika í búningadrama

Heiða Rún Sigurðardóttir leikur eitt aðalhlutverka í þáttunum Poldark og gerði á dögnum áframhaldandi samning. Tökur á annarri seríu hefjast í september og hefur heiða ekki tíma fyrir fleiri verkefni á meðan.

Leikkonan heiða Rún Sigurðardóttir skrifaði á dögnum undir áframhaldandi samning um framleiðslu þáttanna Poldark sem framleiddir eru af BBC.

„Það þýðir ekkert endilega að við gerum þetta allt, það veltur allt á vinsældum og hvernig þetta gengur allt saman,“ segir heiða hógvær, en þættirnir hafa gengið vel og er samningurinn um hlutverk í þáttunum til næstu fjögurra til fimm ára.

Rúmlega sjö milljónir manna horfðu á fyrsta þátt seríunnar sem frumsýndur var í byrjun mars á þessu ári og rúmlega sex milljónir fylgdust með lokabættinum. heiða segir tölurnar vera hálfóraunverulegar.

Tökur á annarri seríu hefjast í september og segir heiða ekki mikið annað komast að á meðan þær standa yfir. „Ég er ekki enn þá búin að fá dagskrána mína, en ef þetta er eins og það var í fyrra þá kemst ekkert annað fyrir.“

Síðasta verkefni heiðu á Íslandi var hlutverk Grétu í sjónvarpsþáttunum Hraunið, sem sýndir voru á RÚV í vetur, og heiða segist vera mjög opin fyrir því að taka að sér frekari verkefni hérlendis þegar tími gefst til. „Mér hefur boðist tækifæri til þess að vera mögulega hluti af nokkrum verkefnum

**Þetta er allt öðruvísi, maður hagar sér öðruvísi, talar öðruvísi og hreyfir sig allt öðruvísi.**

í haust en gat því miður ekki einu sinni athugað málið,“ segir hún og bætir við: „Ég hefði verið mjög til í það, vonandi kemur sá dagur að ég er laus.“

Poldark er búningadrama sem byggt er á samnefndum skáldsögum eftir Winston Graham sem skrifaðar voru um miðja síðustu öld. Þættirnir segja frá Ross Poldark sem snýr heim eftir þrjú ár í hernum og kemst að því að unnusta hans er trúlofuð frænda hans. heiða Rún fer með hlutverk unnstunnar, Elizabeth.

heiða segir gaman að leika í búningadrama á borð við Poldark og að huga þurfi að mörgu en söguvið þáttanna er seint á 18. öld. „Þetta er allt öðruvísi, maður hagar sér öðruvísi, talar öðruvísi og hreyfir sig allt öðruvísi,“ segir hún glöð í bragði að lokum. gydaloo@frettabladid.is

**NÓG AÐ GERA** heiða Rún segir gaman að leika í búningadrama en tökur hefjast í september á annarri syrpu Poldark. NORDCIPHOTOS/GETTY



## Fjórmenningar á ferðalagi dilluðu sér við AmabAdama

Vinirnir fjórir gerðu myndband við lagið Það sem þú gefur á ferðalagi um Bandaríkin og fengu ýmsa til að dilla sér við taktfasta tóna.

„Við erum hrifin af hljómsveitinni og laginu og veittum því athygli að það var ekki til neitt myndband við það. Þannig að við ákváðum að taka okkur það bessaleyfi að gera myndband,“ segir Benedikt Þorgeirsson, sem í byrjun júní deildi myndbandi sem hann gerði ásamt ferðafélögum sínum við lagið Það sem þú gefur með hljómsveitinni AmabAdama.

Myndbandið var tekið upp hér og þar á tólf daga ferðalagi um Bandaríkin. „Við eigum það til að dilla okkur vinnu og þetta var svona „heat of the moment“ dæmi,“ segir hann glaður í bragði. Með honum í för var norsk kærasta Benedikts, þýsk vinkona þeirra og bandarískur vinur.

Í myndbandinu má sjá myndskreið víða frá, meðal annars frá Grand Central Station þar sem stúlka dansar við lagið og frá

slökkvistöð í China Town. „Svo fórum við inn á bar og fengum barþjóninn til þess að tengja lagið og barinn til þess að dilla sér með okkur.“

AmabAdama deildi svo myndbandinu á Facebook-síðu sinni og segir Benedikt það ekki hafa komið á óvart vegna smæðar Íslands en verið skemmtilegt þar sem talsverð vinna hafi farið í myndbandið.



„Við vorum búin að vera að þæla í einhverju svipuðu myndbandi við þetta lag og jafnvel að taka það upp á sólarströnd. Þannig að þetta var akkúrat í þeim anda sem við vorum búin að vera að hugsa um,“ segir Steinunn Jónsdóttir, önnur söngkona AmabAdama glöð í bragði og bætir við: „Okkur fannst þetta bara snilld, vorum bara smá öfundsjúk að vera ekki með, þau virtust skemmta sér svo rosalega vel.“

Það er því óhætt að segja að lagið Það sem þú gefur hafi orðið hálfgerð þemalag ferðarinnar en það var þó annað lag sem kom einnig til greina. „Þjóðverjinn í hópnum vildi helst syngja Gláðasti hundur í heimi með Friðriki Dór en var kosinn út,“ segir Benedikt hlæjandi að lokum.



**GÓÐAR STUNDIR** Hér má sjá vinna fjóra en þau veittu því athygli að ekki var til myndband við lagið og gripu því gæsina. MYND/BENEDIKT





**TÓNSKÁLD** Gunnsteinn Ólafsson er annar höfunda Baldursbrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

## Frumskýning á Baldursbrá

Það má segja að óperuveturinn á Íslandi skelli á strax í ágústlok en ævintýraóperan Baldursbrá eftir Gunnstein Ólafsson og Böðvar Guðmundsson verður frumflutt á sviði í Norðurljóssal Hörpu þann 29. ágúst. Baldursbrá var flutt á tvennum tónleikum sumarið 2014 og tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna, fyrst íslenskra barnasöngleikja. En að þessu sinni er á ferðinni heilstæð sviðsuppfærsla og er sýningin samstarfsverkefni Litla óperukompanísins, Íslensku óperunnar og Hörpu.

Gunnsteinn Ólafsson segir að tónlistin í Baldursbrá byggi að hluta á íslenskum þjóðlögum, bæði rímnalögum og þulum, en einnig bregði fyrir rappi og fjörlegum dönsum. „Óperan segir frá Baldursbrá sem kynnist spókum Spóa. Þau ákveða að fara saman upp á fjallstind til þess að njóta útsýnisins en það reynist ekki einfalt mál. Þau fá Rebba til að flytja blómið upp á efstu eggjar þar sem hræðilegur hrútur eigar um í leit að æti. Yrðlingar Rebba reyna að fella Hrútin en það reynist þeim þrautin þyngri. Líf Baldursbrár hangir á bláþræði og hún þarf að komast aftur heim í lautina sína sem fyrst. En hver kemur þá til bjargar?“

Söngvarar eru Fjóla Nikulásdóttir í hlutverki Baldursbrár, Eyjólfur Eyjólfsson í hlutverki Spóa, Jón Svavar Jósefsson er Rebba, Davíð Ólafsson syngur Hrútin og ellefu börn eru í hlutverki yrðlinga. 16 manna kammersveit leikur undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

Leikstjóri sýningarinnar er Sveinn Einarsson, leikmynd gerir Sigurjón Jóhannsson, búninga hannar Kristina Berman og Messiana Tómasdóttir gerir grimur.

- mg



**FLAUTULEIKARI** Pamela de Sensi flautuleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Alþjóðlegt orgelsumar

Steingrímur Þórhallsson, organisti Neskirkju, verður gestur Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju fimmtudaginn 23. júlí nk. en með honum á tónleikum verður Pamela de Sensi flautuleikari. Efnisskrá tónleikanna gefur góða mynd af þeim fjölmörgu eiginleikum sem stóra Klais-orgelið býr yfir en Steingrímur mun leika Sónötu nr. 2 eftir Mendelssohn og Suite gothique eftir Boëllmann, auk þess sem nýtt verk eftir Steingrím sjálfan, Dialogus, verður frumflutt á tónleikumum. Dialogus er samið fyrir orgel og flautu og leikur Pamela á fjórar ólíkar flautur í verkinu sem eiga í samtali við hinar fjölmörgu pípur orgelsins. Tónleikarnir hefjast kl. 12 á fimmtudaginn og miðaverð er 2.000 krónur.

- mg

# Þúsundir blóma, silfraðar tjarnir og mýs á ís

Á sýningunni Hringrás í Listasal Mosfellsbæjar leikur Gerður Guðmundsdóttir sér að fjölbreytileika náttúrunnar.

„Það er mikill leikur og gleði sem felst í því að gera stór textílverk og myndefnið sæki ég í hið iðandi líf sem leynist á ólíklegustu stöðum,“ segir Gerður Guðmundsdóttir myndlistarkona um sýninguna Hringrás sem opin er í Listasal Mosfellsbæjar fram á laugardag.

Gerður segir um tveggja ára vinnu liggja að baki sýningunni og að sum verkin séu býsna stór. Bláfjöll, sem búið er til með þrykktum laufblöðum á bláa, þæfða fleti, er til dæmis rúmír

15 fermetrar og það eitt tók hana nýu mánuði að gera. Hún hrósar Listasal Mosfellsbæjar og segir gaman að sýna þar, til dæmis notist líttill gluggi þar til að dýpka eitt verkið með skuggum. Hún hefur samanburð við sali á stærri stöðum því hún var með Bláfjöll á listasafni í Frakklandi í eitt ár og áður sýndi hún í Freiburg í Þýskalandi.

Gestir á sýningunni geta hitt Gerði í dag, því hún ætlar að sitja yfir.

- gun



**MÆÐGUR** Gerður og Hanna Dís, dóttir hennar, standa við verkið Vorkoma sem samanstendur af yfir tvö þúsund blómum í silunganeti.

MYNDÚR EINKASAFNI

ÞVOTTAEFNI | HREINLÆTISVÖRUR | HÚÐVÖRUR | ANDLITSLÍNA | BARNAVÖRUR

## VIÐKVÆM HÚÐ? PRÓFAÐU ALLA LÍNUNA...

...fyrir heimilið, fjölskylduna og þig.

Neutral er sérstaklega þróað fyrir viðkvæma húð og inniheldur engin ilmfæni, litarefni eða paraben – þannig hjálpar Neutral þér að vernda húð allra í fjölskyldunni.

*Skoðaðu allar Neutral vörurnar í næstu verslun eða kíktu á [Neutral.is](http://Neutral.is)*

ÞRÓAÐ Í SAMVINNU VIÐ DÖNSKU  
ASTMA- OG OFNÆMISSAMTÖKIN



**BARÁTTA** Rakel Hönnudóttir, markaskorari Blika, í harðri baráttu gegn Aftureldingu í leik liðanna á Kópavogsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## FÓTBOLTI

### Rakel hetja Breiðabliks

Rakel Hönnudóttir tryggði toppliði Breiðabliks sigurinn, 1-0, gegn Aftureldingu í 11. umferð Pepsi-deildar kvenna í gær. Blikar spiluðu manni færri eftir að Telma Hjaltalín var rekin út af á 46. mínútu leiksins.

## ÚRSLIT

### PEPSI-DEILD KVENNA

**PÓR/KA - PRÓTTUR** 5-1  
1-0 Klara Lindberg (6.), 2-0 Sandra María Jessen (49.), 3-0 Kayla Grimsley (66. víti), 4-0 Anna Rakel Pétursdóttir (78.), 4-1 Madison Sarah Solow (83.), 5-1 Kayla Grimsley (88.).

**VALUR - KR** 3-1  
1-0 Elín Metta Jensen (17.), 2-0 Katia Maanane (18.), 3-0 Katia Maanane (64.), 3-1 Sigríður María S Sigurðardóttir (70.).

**BREIÐABLIK - AFTURELDING** 1-0  
1-0 Rakel Hönnudóttir (70.).

STADAN	11	10	1	0	32-2	31
Breiðablik	11	9	0	2	29-6	27
Stjarnan	11	7	0	4	25-23	21
Valur	11	6	2	3	19-10	20
Selfoss	11	5	3	3	27-18	18
Pór/KA	11	5	1	5	22-16	16
ÍBV	11	5	1	5	17-21	16
Fylkir	11	1	3	7	1-25	6
KR	11	0	2	9	2-32	2
Próttur	11	0	1	10	5-34	1
Afturelding	11	0	1	10	5-34	1

**NÆSTU LEIKIR**  
Sunnudagur 26. júlí: 16.00 Afturelding - Pór/KA. Þriðjudagur 28. júlí: 18.00 Próttur - ÍBV, 19.15 KR - Breiðablik, Fylkir - Valur, Selfoss - Stjarnan.



**SMÁ FRÍ** Jón Arnór Stefánsson var mættur í málarabuxunum á æfingu á mánudaginn en fer svo af stað með liðinu eftir nokkra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Enn þá allt svolítið furðulegt

Jón Arnór Stefánsson hefur æfingar með körfuboltalandsliðinu nokkrum dögum á eftir hinum strákunum eftir erfitt tímabil á Spáni. Hann segir það afrek ef liðið vinnur einn leik á EM en hlakkar mikið til.

**KÖRFUBOLTI** „Ég er ekki klár í að byrja að æfa því það er svo stutt síðan ég kláraði á Spáni,“ segir Jón Arnór Stefánsson, besti körfuboltamaður þjóðarinnar, við Fréttablaðið er hann og blaðamaður standa við bekkina í Ásgarði og fylgjast með fyrstu formlegu æfingu landsliðsins fyrir Evrópumótið sem hefst í september.

Æfingahópurinn var tilkynntur í gær og kom saman í Ásgarði, en nú hefst sex vikna undirbúningur fyrir stundina sögulegu í Berlín þegar Ísland mætir Þýskalandi í fyrsta leik á EM.

„Tímabilið hjá mér var rosalega langt og strangt,“ segir Jón Arnór sem spilar með Unicaja Málaga, einu besta liði Spánar. Það tapaði í oddaleik í undanúrslitum spænsku úrvalsdeildarinnar.

„Það var mikið af æfingum og mikið af leikjum þannig að ég þarf meira frí. Ég tek nokkra daga til viðbótar sem er meira bara til að hvíla hausinn,“ segir Jón Arnór

sem er þó alveg heill líkamlega.

„Ég get alveg byrjað leik en þetta er meira fyrir kollinn. Ég þarf bara að fá smá frí. Þá verð ég líka bara ferskari fyrir vikið en ég er rosalega spenntur fyrir þessu öllu.“

### Auðmýktin mikil

Strákarnir hafa vitað að þeirra biður fyrsta ferðin á stórmót síðan í ágúst í fyrra. Biðin hefur því verið löng, en verður allt aðeins raunverulegra þegar æfingar eru formlega hafnar?

„Bæði og. Þetta er samt enn þá alltaf svolítið furðulegt,“ segir Jón Arnór og brosir. „Menn eru búnir að bíða eftir þessum degi, að geta loksins byrjað og reynt að sanna sig. Svo kemur að því að það þurfi að skera niður og menn eru bara með brjáláðan metnað fyrir því að komast í liðið.“

Ísland dróst í algjöran dauðariðil með Tyrklandi, Serbíu, Ítalíu, Þýskalandi og Spáni. Möguleikarnir

á móti eru litlir og því má ekki gleyma að njóta ferðarinnar.

„Leiðin að EM verður ótrúlega skemmtileg þannig við erum bara spenntir fyrir þessu,“ segir Jón Arnór og heldur áfram:

„Ég held við séum mjög auðmjúkir. Þetta lið er mjög auðmjúkt. Við æfum bara rosalega vel og höfum mikinn metnað.“

Liðið gerir sér fyllilega grein fyrir því hversu erfitt verkefnið verður í Berlín.

„Það er eiginlega ekki hægt að lýsa því hversu sterkur riðillinn er. Auðvitað ætlum við að njóta þess bara að spila þarna og keppa við þá bestu. Við eigum samt að setja okkur markmið að vinna einn leik. Það yrði bara afrek að vinna einn leik í þessu móti. Það er bara sannleikurinn,“ segir Jón Arnór.

### Var alltaf skemmtilegast

Í liðunum sem Ísland mætir eru margar af skærustu körfubolta-stjörnum heims. Spænska liðið er

fullt af NBA-stjörnum og fleiri má finna í hinum liðunum. Dirk Nowitzki, fyrrverandi NBA-meistari með Dallas Mavericks, spilar sína síðustu landsleiki í Berlín.

„Það verður skemmtilegt að spila á móti þessum körlum í landsleikjum. Ég hef nú mætt þeim sumum með félagsliðum. Ég sjálfur er bara spenntur fyrir því að vera hluti af þessu móti og sjá aðra leiki líka. Sem aðdáandi körfuboltans er ég rosalega spenntur fyrir því að sjá umgjörðina til dæmis hjá Þjóðverjanum,“ segir Jón Arnór, en spennan fyrir mótinu er mikil í Berlín.

„Þarna verður fullt af fólki og mikið af Íslendingum sem ætla að mæta og skemmta sér og fá sér bjór. Síðan er Dirk að kveðja og fleira. Það er langt síðan ég hef fengið þessa tilfinningu, að vera á svona móti. Ég man bara eftir þessu með yngri landsliðunum. Þetta var það skemmtilegasta sem maður gerði.“

tomás@365.is

**Í DAG KL. 19:00**

# STJARNAN – CELTIC

Íslandsmeistarar Stjörnunnar taka á móti skosku meisturunum í Celtic í undankeppni meistaradeildarinnar í kvöld.  
**Þetta er leikur sem þú einfaldlega vilt ekki missa af!**



**STÖRVELDI** Eftir fall Rangers situr Celtic eitt að skosku fótboltakrúnunni. Leikmenn liðsins æfðu á Samsung-vellinum í gær fyrir leikinn í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Á sama tíma ári síðar

Fyrsti leikur knattspyrnustjóra Celtic var á Íslandi.

**FÓTBOLTI** Stjarnan tekur á móti Celtic í seinni leik liðanna í annarri umferð forkeppni Meistaradeildarinnar á Samsung-vellinum annað kvöld. Celtic vann fyrri leikinn 1-0 í Skotlandi.

Norðmaðurinn Ronny Deila, knattspyrnustjóri Celtic, tók við liðinu í fyrra og mætti KR á sama stigi keppinnar í sínum fyrsta mótsleik síðasta sumar.

„Ég er spenntur fyrir þessum leik. Kringumstæðurnar eru allt öðruvísi hjá okkur núna en í fyrra þegar allt var nýtt. Það er svolítið myndi að vera búinn að stýra liðinu í eitt ár og snúa aftur til nánast sömu borgar. Ég hlakka bara til leiksins því liðið er að bæta sig

mikið og tímabilið verður spennandi,“ sagði Deila á blaðamannafundi í gær.

Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar, fékk nóg af spurningum um gervigrasið frá skoskum blaðamönnum. Deila hefur ekki sömu áhyggjur af því enda þjálfaði hann Strömmsgodset í Noregi sem spilar á gervigrasi.

„Þið vitið að ég er hliðhollur gervigrasi. Það er betra að spila á góðum gervigrasvelli en slæmum grasvelli. Best er þó auðvitað að spila á góðu grasi eins og á Celtic Park,“ sagði Deila sem telur sína leikmenn klára í gervigraslaginn: „Góð lið sigra sama á hvaða velli þau spila,“ sagði Deila.

- tom

# MISSION: IMPOSSIBLE ROGUE NATION

HEIMSRUMSÝNING 29. JÚLÍ

## Taktu þátt í bíóleik Fréttablaðsins

Í tilefni af heimsfrumsýningu Mission: Impossible – Rogue Nation bjóðum við þér að taka þátt í laufléttum leik. Það eina sem þú þarft að gera er að senda okkur tölvupóst á [leikur@frettabladid.is](mailto:leikur@frettabladid.is) með nafni, kennitölu, símanúmeri og netfangi.

- Glæsilegir vinningar í boði**
1. Dróni
  2. Armbandsúr með myndavél
  3. Miðar á Mission: Impossible – Rogue Nation
- Dregið verður 4. ágúst



Allt sem þú þarft ...

## DAGSKRÁ



19:40

## MARRIED

Frábærir gamanþættir um hjón sem gengið hafa saman í gegnum súrt og sætt og leita nú allra ráða til að halda neistanum í sambandinu.

## FJÖLBREYTT MIÐVIKUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:05

## COVERT AFFAIRS

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



20:45

## MISTRESSES

Bráðskemmtilegir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið.



21:30

## YOU'RE THE WORST

Hressilegir gamanþættir um tvo frekar alvarlega einstaklinga sem halda að þau hafi hitt sálufélaga sinn.



22:00

## MAN OF STEEL

Stórmynd með Diane Lane, Russell Crowe, Kevin Costner og Laurence Fishburne í aðalhlutverkum.



21:35

## COLD CASE

Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



19:00

## KAPTEINN SKÖGULTÖNN

Kaptein Skögultönn er skelfir hafsins og konungur sjóræningjanna.



## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2  
07.45 Big Time Rush  
08.05 The Middle  
08.30 The Crazy Ones  
08.55 Mom  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 Doctors  
10.15 Spurningabomban  
11.05 Around the World in 80 Plates  
11.50 Grey's Anatomy  
12.35 Nágrannar  
13.00 The Politician's Husband  
14.00 White Collar  
14.45 The Lying Game Dramatískir spennubættir frá höfundum Pretty Little Liars, og fjalla um einægja tvíbúrasystur sem voru aðskildar við fæðingu.  
15.25 Man vs. Wild  
16.10 Big Time Rush  
16.30 Welcome To the Family  
16.55 Baby Daddy  
17.20 Bold and the Beautiful  
17.40 Nágrannar  
18.05 The Simpsons  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.47 Íþróttir  
18.55 Modern Family  
19.15 Víkingalottó  
19.20 The Middle  
19.45 Married  
20.10 Covert Affairs  
20.50 Mistresses (5/13) Þriðja þáttaröðin af þessum bandarísku þáttum um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmenn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.  
21.35 Your're the Worst Hressilegir gamanþættir um tvo einstaklinga sem eru afar sjálfsgagnrýnir og gagnrýna einnig veröldina í kringum sig.  
22.00 Major Crimes Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvírðu lögreglu í Los Angeles. Sharon tekur við af hinni sérvitru Brendu Leigh Johnson en þættirnir eru sjálfstætt framhald af hinum vinsælu þáttum Closer.  
22.45 Weeds  
23.15 Battle Creek  
00.00 Tyrant  
00.45 NCIS  
01.25 Carrie  
03.05 Thunderstruck  
04.35 Modern Family  
04.55 Mistresses  
05.40 The Middle  
06.05 Fréttir

SPORT besta sætið

- 11.20 FH - SJK  
13.15 N1 mótið  
14.00 FH - KR  
15.50 Pepsí-mörkin  
17.20 Galatasaray - Arsenal  
19.00 Stjarnan - Celtic.  
21.15 World's Strongest Man 2014  
21.45 UFC 189. Mendes vs. McGregor  
00.20 Stjarnan - Celtic

SPORT 2 enski boltinn

- 10.40 Barcelona - LA Galaxy  
12.20 Tottenham - Swansea.  
14.00 Goðsagnir - Pétur Ormslev  
14.35 Bayern München - Inter  
16.15 AS Roma - Man. City  
17.55 Manstu  
18.30 PSG - Fiorentina  
20.10 Barcelona - LA Galaxy  
21.50 Premier League World  
22.20 Man. Utd. - San Jose  
00.00 NY Red Bulls - Chelsea

## INN

- 20.00 Björn Bjarna 20.30 Auðlindakistan  
21.00 Eldað með Holta 21.30 Sjónvarp Kyflings.is

## STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing  
18.35 Cristela  
19.00 Hart Of Dixie  
19.45 Baby Daddy  
20.05 Awake  
20.50 The Originals  
21.35 The 100  
22.20 Witches of east End  
23.05 Sirens  
23.25 Supernatural  
00.10 Hart Of Dixie  
00.55 Baby Daddy  
01.15 Awake  
02.00 The Originals Önnur spennubáttaröðin sem fjallar um Mikaelsons-fjölskylduna en meðlimir hennar eru jafnframt þeir fyrstu af hinum svokölluðu ofurvampírum en þær geta lifað í dagsljósi. Þættirnir eru frá framleiðendum The Vampire Diaries  
02.40 The 100  
03.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KrakkaStöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveins 07.49 Tommi og Jenni 07.55 UKI 08.00 Brunabílarnir 08.22 Ævintýraferðin 08.35 Kalli á þakinu 09.00 Lína Langsokkur 09.25 Latibær 09.47 Mæja býfluga 10.00 Könnuðurinn Dóra 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 10.45 Doddi litli og Eyrnastór 10.55 Sumardalsmyllan 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveins 11.49 Tommi og Jenni 11.55 UKI 12.00 Brunabílarnir 12.22 Ævintýraferðin 12.35 Kalli á þakinu 13.00 Lína Langsokkur 13.25 Latibær 13.47 Mæja býfluga 14.00 Könnuðurinn Dóra 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 14.45 Doddi litli og Eyrnastór 14.55 Sumardalsmyllan 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveins 15.49 Tommi og Jenni 15.55 UKI 16.00 Brunabílarnir 16.22 Ævintýraferðin 16.35 Kalli á þakinu 17.00 Lína Langsokkur 17.25 Latibær 17.47 Mæja býfluga 18.00 Könnuðurinn Dóra 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 18.45 Doddi litli og Eyrnastór 18.55 Sumardalsmyllan 19.00 Kapteinn Skögultönn

## GULLSTÖÐIN

- 17.10 Strákarnir  
17.40 New Girl  
18.00 Friends  
18.25 Two and a Half Men  
18.50 How I Met Your Mother  
19.15 Mike & Molly  
19.35 Tekinn  
20.00 Hæðin  
20.50 Chuck  
21.35 Cold Case  
22.20 Curb Your Enthusiasm  
22.55 Sullivan & Son  
23.15 Tekinn  
23.40 Hæðin  
00.30 Chuck  
01.15 Cold Case  
01.55 Curb Your Enthusiasm  
02.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

- 11.30 Tiny Furniture  
13.10 So Undercover  
14.45 The Internship  
16.45 Tiny Furniture  
18.25 So Undercover  
20.00 The Internship Frábær gamanmynd frá 2013 með Vince Vaughn og Owen Wilson í aðalhlutverkum. Tveir sölumenn tapa vinnunni þegar söluvörur þeirra fara alfarið í netsölu og ákveða í framhaldinu að sækja um störf hjá Google þrátt fyrir takmarkaða tölvuþekkingu.  
22.00 Man of Steel  
00.25 Your Sister's Sister Dramatísk mynd með gamansömu ívafi. Iris hefur áhyggjur af besta vini sínum sem berst við þunglyndi eftir að hafa misst bróður sinn. Hún býður honum að dvelja í sumarhústað fjölskyldunnar án þess að vita að systir hennar, Hannah, er í hústaðinu. Þau enda kvöldið í bólinu og það á eftir að hafa mikil áhrif á vinkapinn.  
01.55 The Sessions  
03.30 Man of Steel

## RÚV

- 16.05 Sumardagar  
16.30 Blómabarnið  
17.20 Disneystundin  
17.21 Finnbofi og Felix  
17.43 Sígildar teiknimyndir  
17.50 Herkúles  
18.15 Tákn málsfréttir  
18.25 Neytendavaktin  
18.54 Víkingalottó  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veðurfréttir  
19.35 Sumardagar  
19.55 Íþróttaafræk sögunnar  
20.25 Silkileiðin á 30 dögum  
21.1 Neyðarvaktin  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Green  
23.10 Hinterland: Brúin  
00.50 Fréttir  
01.05 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 Everybody Loves Raymond  
08.22 Dr. Phil  
09.03 The Talk  
09.45 Pepsi MAX tónlist  
13.55 Cheers  
14.18 Dr. Phil  
15.02 Reign  
15.45 Britain's Next Top Model  
16.31 Minute To Win It  
17.09 Agent Carter  
17.52 Dr. Phil Bandarískur spjallþáttur með sjónvarpsálfraeðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpsal.  
18.33 The Talk  
19.14 Million Dollar Listing Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins.  
19.58 Growing Up Fisher  
20.15 America's Next Top Model  
21.00 Girlfriends' Guide to Divorce Bandarísk þáttaröð um konu sem ákveður að skilja við eiginmann sinn og hefja nýtt líf. Aðalhlutverkið leikur Lisa Edelstein sem áhorfendur kannast við úr þáttaröðinni House.  
21.45 Satisfaction  
23.10 Sex & the City Bráðskemmtileg þáttaröð um Carrie Bradshaw og vinkonur hennar í New York. Carrie, Samantha, Charlotte og Miranda eru ólíkar en tengiast órjúfanlegum böndum.  
23.35 Madam Secretary  
00.20 Agents of S.H.I.E.L.D.  
01.05 Extant  
01.50 Girlfriends' Guide to Divorce  
02.35 Satisfaction  
04.00 Sex & the City  
04.25 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.00 The Open Championship 2015  
14.00 Golfing World 2015  
14.50 The Open Championship 2015  
20.50 Golfing World 2015  
21.40 PGA Special: In the Spotlight  
22.25 PGA Tour 2015 - Highlights  
23.20 Golfing World 2015

## HRINGBRAUT

- 11.00 Atvinnulífið 11.30 Fólki og frumkvæði  
12.00 Fólki með Sirry 13.00 Atvinnulífið  
13.30 Fólki og frumkvæði 14.00 Fólki með Sirry 15.00 Atvinnulífið 15.30 Fólki og frumkvæði 16.00 Fólki með Sirry 17.00 Atvinnulífið  
17.30 Fólki og frumkvæði 18.00 Fólki með Sirry 19.00 Atvinnulífið 19.30 Fólki og frumkvæði 20.00 Mannamál 20.30 Matjurtir 20.45 Heimsljós 21.15 433 21.45 Grillspáðinn 22.00 Mannamál 22.30 Matjurtir 22.45 Heimsljós 23.15 433 23.45 Grillspáðinn

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

365.is

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro

## FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1

## FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan

## FM 97,7 X-ið


FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga

## FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Tónleikur kynnrir

Horses 1975-2015



Patti Smith  
ásamt hljómsveit  
flytja Horses

ARISTA

Mánudagur 17. ágúst 2015

Eldborgarsal Hörpu

Miðasala á [tix.is](http://tix.is)-[harpa.is](http://harpa.is) og í síma 528-50 50

## SUMARDRYKKURINN



„Ég verð að segja San Miguel bjór, bara út af því að ég á heima í bæ sem heitir San Miguel.“

Máni Orrason tónlistarmaður

## Upphitun fyrir Druslugönguna

Í kvöld verður haldið svokallað peppkvöld fyrir gönguna á laugardaginn.

Skipulagsnefnd Druslugöngunnar stendur fyrir svokölluðu peppkvöldi í kvöld. Veislan hefst klukkan níu á skemmtistaðnum Húrra en mælt er með því að mæta snemma þar sem færri komust að en vildu á seinasta ári. „Þetta er nokkurs konar upphitun fyrir gönguna á laugardaginn. Það koma fram tónlistarmenn, það verða tilboð á barnum og síðast en ekki síst verðum við að selja varninginn svo að fólk geti druslað sig upp fyrir gönguna,“ segir Sunna Ben, sem mun meðal annars spila í kvöld. Sunna mun þeyta skifurnar í lok kvölds en á undan henni verða meðal annars dj Flugvél og geimskip, Vaginaboys og Sturla Atlas.

„Við eigum von á mjög mörgum í kvöld enda

hefur farið mikið fyrir umræðunni um Druslugönguna undanfarið. Það hafa 1.000 manns boðað komu sína á Facebook en það er mun meira en Húrra þolir svo að við mælum með því að mæta fyrir en seinna og nýta tilboðin á barnum. Í fyrra þurftum við að vísa fólki frá vegna eftirspurnar. Við verðum með derhúfur, boli og tyggjótattú til sölu svo að fólk geti verið undirbúið fyrir gönguna.

Það sem verður eftir verður selt í Druslugöngunni. Varningurinn seldist hratt upp í fyrra þannig að við urðum að panta inn meira magn í ár og við vonum að sem flestir nái að næla sér í eitthvað til þess að skreyta sig með.“

- gj



**SKIPULAGSNEFNDIN** Ingileif Friðriksdóttir, Helga Margrét Mar, Sunna Ben, Gréta Porkelsdóttir og María Rut Kristinsdóttir. Á myndina vantar nokkra meðlimi nefndarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

„Við eigum von á mjög mörgum í kvöld enda hefur farið mikið fyrir umræðunni um Druslugönguna undanfarið.“

NÝTT  
**TWIST**  
ÓTRÚLEGA  
ÞÆGILEGUR



**TWIST**  
hægindastóll  
Tilboð: 59.990  
Fullt verð: 69.990

**TWIST** skemill  
Tilboð: 24.990  
Fullt verð: 29.990

ASTRO  
NÝTT  
Í HÖLLINI



**ASTRO** hægindastóll, Dökkgrár, kakí, appelsínugulur og dökkrauður.  
Verð: 59.990. Tilboðsverð: 49.990.



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri  
**EITT SÍMANÚMER 558 1100**  
www.husgagnahollin.is



**Á LEIÐINI** Jessie J hefur verið ein skærasta poppstjarna heims undanfarin ár. Hún kemur fram ásamt hljómsveit í Laugardalshöllinni þann 15. september næstkomandi.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Jessie J kemur fram á tónleikum á Íslandi

Breska tónlistarkonan Jessie J, sem hefur verið ein skærasta poppstjarna heims undanfarin ár, ætlar að halda tónleika í Laugardalshöllinni þann 15. september.

Breska tónlistarkonan og söngdívanna Jessie J heldur stórtónleika í Laugardalshöllinni þriðjudaginn 15. september en hún hefur verið ein skærasta poppstjarna heims undanfarin ár. Hún er best þekkt fyrir að flytja risasmelli á borð Price Tag, Bang Bang og Domino.

„Mér finnst hún alveg frábær. Það er alveg meiriháttar að ná listamanni til landsins sem er akkúrat núna á toppnum á sínum ferli. Hún er frábær á sviði“

og með eina flottustu röðina í tónlistarheiminum í dag,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson sem stendur fyrir tónleikunum.

Jessie J kom fyrst á sjónarsviðið árið 2011 með fyrstu plötunni sinni, Who You Are, en á þeirri plötu komust sex lög á topp tíu í Bretlandi og lagið Price Tag fór í efsta sætið um allan heim. Er hún fyrsta konan til að ná sex lögum af sömu plötu inn á topp tíu. Lagið Domino kom svo næst og fór það beint í efsta sæti um allan heim en með því lagi náði Jessie J fótfestu í Bandaríkjunum.

Með nýjasta smellinum sínum, Bang Bang, þar sem hún fær Ariana

Grande og Nicky Minaj með sér, er hún virkilega búin að stimpla sig inn sem ofurstjörnu.

„Hlutur kvenna hefur ekki verið mikill í erlendu tónleikahaldi hér á landi undanfarin misseri og því finnst mér það líka sérlega frábært að fá hana til landsins. Hún er líka frábær karakter og rakaði meira að segja af sér hárið fyrir nokkrum árum til að styrkja gott málefni,“ segir Guðbjartur.

Margir sáu hana árið 2012 í sjónvarpinu á lokaathöfn Ólympíuleikana í London, þar sem hún söng We Will Rock You með hljómsveitinni Queen. Hún hefur einnig verið þjálfari og leiðbeinandi í The Voice í Bretlandi og Ástralíu.

Ólíkt mörgum öðrum stjörnum í tónlistarheiminum semur hún flest af sínum lögum sjálf en áður en hún hóf söngferil sinn vann hún við að semja lög fyrir aðra. Hún hefur meðal annars samið lög og texta fyrir Miley Cyrus, Justin Timberlake, Chris Brown, David Guetta og marga fleiri. Lítið hefur verið um tónleika hér á landi með erlendum poppstjörnum. „Þessi tegund tónlistar hefur verið skilin svolítið út undan í tónleikahaldi hér á landi,“ bætir Guðbjartur við.

Jessie J er á tónleikaferð um heiminn að kynna sína þriðju breiðskífu. Hún verður með hljómsveit með sér skipaða topphljóðfærleikurum og bakróddum. „Þetta er alveg tuttugu manna hópur sem kemur með henni,“ segir Guðbjartur.

Ekki liggur fyrir hvaða hljómsveit eða listamaður sér um upphitun á tónleikunum að svo stöddu. Miðasala hefst þriðjudaginn 28. júlí á midi.is klukkan 10.00. Einnig verður hægt að fá miða í verslunum Brim Laugavegi og Kringlunni.

gunnarleo@frettabladid.is

### Hver er Jessie J?

- Jessie J er 27 ára gömul tónlistarkona, fædd og uppalin í London.
- Hún hefur gefið út þrjár breiðskífur; Who You Are árið 2011, Alive árið 2013 og Sweet Talker árið 2014. Hún hefur selt yfir þrjár milljónir platna og yfir tuttugu milljónir smáskífulaga um heim allan.
- Fyrsta plata Jessie J naut strax mikilla vinsælda um heim allan, náði fyrsta sæti víða og hefur náð platinusölu í yfir 15 löndum.
- Hennar vinsælustu lög eru Price Tag, Domino, Bang Bang og Who You Are, svo nokkur séu nefnd.
- Hún hefur unnið fjölda verðlauna og má þar nefna Critic's Choice-verðlaunin á Brit Awards árið 2011, iHeartRadio-tónlistarverðlaunin fyrir besta samstarfið með Ariana Grande og Nicki Minaj í laginu Bang Bang og fjölda verðlauna frá MTV.
- Þá var hún tilnefnd til Grammy-verðlaunanna í ár fyrir samstarf sitt með Ariana Grande og Nicki Minaj í laginu Bang Bang.
- Lagið Bang Bang er með tæpar 400 milljónir áhorfa á Youtube. Price Tag er með nærri því hálfan milljarð áhorfa og Domino með rétt tæplega 200 milljón áhorf.
- Jessie J hefur samið fyrir Miley Cyrus, Justin Timberlake, Chris Brown, David Guetta og marga fleiri.

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigríus Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þorsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


# ÚTSALA

# 20-50%

AFSLÁTTUR

# AF SUMARVÖRUM

Nýtt kortatímabil



## OPIÐ

Virka daga 11-18

Laugard. 11-16

Sunnud. 13-16



## Börn

Flíspeysur  
Softshell peysur  
Softshell buxur  
Regnbuxur  
Regnjakkar  
Isotex 10000 jakkar  
Core stretch peysur  
Skór

## Dömur & herrar

Bolir  
Skyrtur  
Flíspeysur  
Softshell peysur  
Core stretch peysur  
Buxur  
Softshell buxur  
Zip off buxur  
Kvart buxur  
Stretch buxur  
Regnbuxur  
Regnjakkar  
Kápur  
Skór  
Bakpokar  
Svefnpokar  
Dýnur  
Tjöld  
Smávара ofl.

REGATTA  
GREAT OUTDOORS

CRAGHOPPERS  
DARE 2B

ÚTIVIST 20  
& SPORT  
1995 - 2015

Faxafen 12 S. 533-1550 [www.utivistogsport.is](http://www.utivistogsport.is)





## BAKPANKAR

Birtu  
 Björnsdóttur

### Gestgjafarnir

Aðgerðir til að bregðast við fjölgun ferðamanna hafa í besta falli verið handahófskenndar. Landeigendur við Geysi leigðu sér posa og hugðust rukka inn á svæðið. Sem þeir og gerðu í nokkurn tíma og allir borguðu nema Ögmundur. Lögbann var sett á gjaldtökuna og grátkórar landeigenda og þeirra sem voru gjaldtökunni mótfallnir voru jafn háir. Allt mjög yfirvegað en niðurstaðan engin. Náttúrupassinn var ræddur, hæddur, mærdur og særður og liggur nú í saltþækli.

NÚ eru ferðamennirnir farnir að gefa skít í náttúruminjar í orðsins fyllstu. Upphefst þá kórinn á ný. Ferðapjónustuaðilar kvarta undan aðstöðuleysi en umhverfisráðherra segir ekki koma til greina að greiða fyrir uppbyggingu sem aðeins ferðapjónustuaðilar græði á. Í hvert skipti sem gjaldtaka er nefnd rýkur upp enn einn kórinn. Fólkið sem vill geta séð Þingvelli þegar það vill án þess að borga fyrir 500 kall. Aukaatriði er hvort það ætli einhvern tímann að fara á Þingvelli. Það vill bara hafa möguleikann á að gera það ókeypis.

**STJÓRNVÖLD** bera ábyrgð á að aðstaða sé til staðar fyrir þá gesti sem reynt var í mikilli auglýsinga-herferð að lokka til landsins auk þess að náttúruminjar beri ekki skaða af. Á móti ber ferðapjónustan ábyrgð á að halda gestum sínum upplýstum um reglur og viðmið. Ef ég býð vini mínum með í parti get ég ekki lofað því að hann klíni ekki hori í sófann. En mér dettur ekki í hug að kvarta undan aðstöðuleysi hjá gestgjafanum og skorti á snýti-pappír nái vinurinn ekki að stjórna sér, heldur myndi ég taka þátt í að fordæma hann fyrir sóðaskapinn.

**FÓLK** ferðast um heiminn á eigin ábyrgð. Við gestgjafarnir verðum að hætta að vera of upptekin í aukahlutverkum okkar í Litlu gulu hænunni til að aðstaða og framtíðarsýn verði viðunandi. Það kostar að vera góður gestgjafi en gestirnir koma oftast með eitthvað að borðinu, hvort sem það er vínflaska, góðar sögur eða ný sýn á hlutina. Náist sátt um að það sem er til kostað fari í uppbyggingu og viðhald á þeim stöðum sem um ræðir, getum við haldið áfram að vera góðir gestgjafar næstu áratugina. Verðum ekki gestgjafinn sem situr eftir með brotið bollastell og útklínðan sófa og enginn vill heimsækja aftur.

ÚRVAL AF VÖRUM FRÁ IITTALA

HÚSGAGNAHÖLLIN

SÓLIN ER HÉR!

# KOMDU ÚT AÐ LEIKA!

ALICANTE frá  
**17.999 kr.**

september-nóvember 2015

TENERIFE frá  
**18.999 kr.**

september-nóvember 2015



BÓKAÐU NÚNA  
 Á WOWAIR.IS

